

Umsögn

Breyting á lögum um almannatryggingar (einföldum bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.)

857. mál, lagafrumvarp
145. löggjafarþing 2015–2016.

SEPTEMBER 2016

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, vísar til tölvubrúfs velferðarnefndar, dags. xx. september 2016, þar sem óskað er umsagnar félagsins um frumvarp um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar (857. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016, þskj. 1624). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 56. grein nágildandi laga sem félagið telur ástæðu til að gera athugasemdir við.

Forsagan

Lögum samkvæmt falla örorkubætur niður þegar lífeyrisþegi hefur afplánun fangelsisvistar sem lengri en fjórir mánuðir. Þeir sem undir þetta falla fengu fram til ársins 2011, vasapeninga á grundvelli heimildar í 1. mgr. 56. gr. laga nr. 100/2007 og án þess að þeir þyrftu sérstaklega að sækja um það. Vasapeningarnir voru lág upphæð, um 42 þúsund krónur mánaðarlega árið 2011, sem vega átti upp á móti því að öryrkjar hafa ekki sömu möguleika og aðrir fangar til vinnu í fangelsum. Eftir að í ljós kom að einhverjir fangar þáðu bæði vasapeninga frá TR og þóknun fyrir vinnu í fangelsi, breytti TR verklagsreglum sínum stofnunarinnar þannig að engir vasapeningar yrðu greiddir frá stofnunni til lífeyrisþega í fangelsum nema vegna sérstakra aðstæðna sem réttlættu slíkar greiðslur. Rök stofnunarinnar fyrir breytingunni voru m.a. þau að meðal annars með þeim rökum að allir refsifangar sem stunduðu ekki vinnu í fangelsum fengju greidda dagpeninga frá Fangelsismálastofnun. Eftir þessa verklagsbreytingu fór ráðstöfunarfé óvinnufærs öryrkja í fangelsi úr 42.000 kr. niður í 12.600 kr. Fangi í námi sem alla jafna hefur töluvert lægri tekjur en fangi sem í vinnu, fær þó 30.400 kr.

Í maí 2011, ákvað TR enn að breyta verklagi sínu og felldi niður allar greiðslur vasapengina. Afstaða höfðaði þá dómsmál og eftir þingfestingu þess féll TR frá hinu breytta verklagi og greiddi þeim föngum afturvirkir sem orðið höfðu af greiðslum vegna þessa.

Með úrskurði úrskurðarnefndar almannatrygginga frá 25. janúar 2013, í máli 331/2012, varð ljóst að hið breytta verklag TR var ólögmætt enda lá því ekki til grundvallar nein reglugerð með stoð í lögum. Í kjölfar úrskurðarins var sett reglugerð á grundvelli heimilda í 10. mgr. 48. gr. og 70. gr. laga nr. 100/2007. Nýr úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála frá 25. maí 2016, í máli 264/2015, kvað svo upp úr um að hin nýja reglugerð stæðist heldur ekki lög.

Og nú fimm árum síðar á að reyna að festa þetta óréttláta fyrirkomulag í lög. Alþingi hefur því kjörið tækifæri til að taka afstöðu í málinu og vonandi vinda ofan af vitleysunni.

Breytingin

Með frumvarpinu er lagt til að lögfest verði það fyrirkomulag að vasapeningar verði ekki greiddar til öryrkja sem eru vistaðir í fangelsi nema þegar um sérstakar aðstæður er að ræða. Þetta gengur þvert gegn upprunalegum vilja löggjafans sem var sá að lífeyrisþegar í fangelsum nyttu sömu réttinda og lífeyrisþegar sem dvelja á sjúkrahúsi. Engin málefnaleg rök standa með því að skerða ráðstöfunarfé þessara einstaklinga úr 58.000 niður í 12.500 kr. á mánuði og setja þá þannig skör neðar en alla aðra

fanga og aðra lífeyrisþega sem eru vistaðir á stofnunum. Þeir einstaklingar sem hér um ræðir eiga sömu réttindi sem öllum eru tryggð í 76. gr. stjórnarskrárinnar.

Með lagabreytingu á 144. löggjafarþingi var sú breyting gerð að lífeyrisþegar misstu bætur sínar um leið og afplánun í fangelsi hefst en fyrir breytinguna féllu bætur niður fjórum mánuðum eftir að afplánun hófst. Í umræðum um málið á Alþingi sagði Eygló Harðardóttir, velferðarráðherra, að með breytingunum væri lögð áhersla á að öryrkjar væru ekki betur settir en aðrir þeir sem fara í fangelsi. Afstaða getur vel tekið undir þetta viðhorf en með breytingunni sem nú er lögð til er hins vegar lagt til að öryrkjar verði færðir skör neðar en aðrir fangar. og það getur varla verið áherslumál velferðarráðherra eða velferðarnefndar.

Í töflunni hér fyrir neðan hefur verið tekið saman – úr ársskýrslum Tryggingastofnunar – fjöldi allra þeirra öryrkja sem þáðu ráðstöfunarfé frá Tryggingastofnun á árunum 2008-2014. Hafa ber í huga að um er að ræða þá sem dvöldu á sjúkrastofnunum og í fangelsum, af báðum kynjum. Hlutfall karlmannna er um sextíu prósent en nánari sundurliðun var ekki að finna í ársskýrslunum.

Heildarfjöldi þeirra sem þáði ráðstöfunarfé og útgjöld í milljónum króna							
	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi	209	180	161	112	105	99	95
Útjöld	75	59	65	60	57	59	47

Ef miðað er við þá fækkun sem orðið hefur frá því verklagsreglum Tryggingastofnunar var breytt er ekki um stóra sneið af kökunni að ræða, ekki síst ef höfð er í huga sú breyting sem gerð var á löggjöfinni á síðasta þingi og minnst var á hér að framan Verði umrætt frumvarp óbreytt að lögum verður sparnaður ríkisins því óverulegur.

Dagpeningar

Í athugasemdum með frumvarpinu má sjá að gengið er út frá því að dagpeningar fangelsismálastofnunar séu sambærilegir við ráðstöfunarfé Tryggingastofnunar, þar sem segir:

„Skv. 27. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, skal greiða fanga þóknun fyrir ástundun vinnu eða náms. Sé ekki unnt að útvega fanga vinnu, eða hann getur samkvæmt læknisvottorði ekki sinnt vinnuskyldu eða námi, fær hann greidda dagpeninga fyrir þá daga sem hann hefði ella unnið. Ráðherra ákveður fjárhæð dagpeninganna með gjaldskrá og miðast hún við að fangi eigi fyrir brýnustu nauðsynjum til persónulegrar umhirðu. Fangi sem á kost á vinnu, eða útvegar sér hana sjálfur, fær ekki dagpeninga. Sama gildir um fanga sem vikið er úr vinnu eða námi eða neitar að vinna eða vera í námi án gildrar ástæðu. Þá segir í 3. mgr. 27. gr. laganna að fangi sem fær greiðslur frá Tryggingastofnun missi rétt til dagpeninga frá Fangelsismálastofnun. Ráðstöfunarfé samkvæmt lögum um almannatryggingar sem greitt er lífeyrisþegum þegar lífeyrisgreiðslur hafa verið stöðvaðar vegna dvalar á stofnun er ætlað að mæta sömu þörfum.“

Um talsmenn fanga skv. 58.gr. laga nr. 15/2016:

„Fangar geta kosið sér talsmenn til að vinna að málefnum fanga og til að koma fram fyrir þeirra hönd.“

Segja má að þarna sé kominn kjarni málsins. Ráðstöfunarfé samkvæmt lögum um almannatryggingar sem greitt er lífeyrisþegum þegar lífeyrisgreiðslur hafa verið stöðvaðar vegna dvalar á stofnun er ætlað að mæta sömu þörfum og dagpeningar fanga. Dagpeningar fanga mæta nefnilega ekki sömu þörfum og ráðstöfunarfé samkvæmt lögum um almannatryggingar. Ráðstöfunarfé Tryggingastofnunar eru rúmar 58.000 kr. á mánuði en dagpeningar frá Fangelsismálastofnun eru í kringum 12.500. kr. á mánuði.

Innanríkisráðherra ákveður fjárhæð dagpeninganna með gjaldskrá og hefur hún ekki tekið breytingum síðan 2006. Með lagabreytingunni sem lögð er til hér er stefnt að því að lögfesta það viðhorf að fangar þurfi ekki sömu nauðþurftir og löggjafinn reiknar með að sjúklingar á stofnunum þurfi. Ekki er unnt að koma auga á önnur rök fyrir þessum gríðarlega mun á upphæðum þeim sem hér um ræðir en viðhorf þeirra sem reglurnar setja til þeirra þjóðfélagshópa sem um ræðir

Framfærsla

Misskilnings hefur gætt í umræðunni um framfærslu fanga. Fangar eru ekki á framfærslu ríkisins þegar þeir eru í afplánun og hefur Fangelsismálastofnun gefið það sértstaklega út að það sé ekki hennar hlutverk. Dagpeningar, þóknun eða ráðstöfunarfé mun óbreytt heldur aldrei duga nokkrum manni til framfærslu.

Einu fangarnir sem geta framfleytt sér svo vel sé innan fangelsa landsins eru þeir sem stunda vinnu sem þeir hafa útvegað sér sjálfir og geta unnið inni á sínum klefa. Dæmi eru um að fangar stjórni rekstri fyrirtækja, sinni bókhaldi, þýði bækur, prenti merki og gangi frá veiðilínum svo fátt sé nefnt. Þessir fangar fá raunveruleg laun og geta leyft sér þann munað að fara til tannlæknis, gefið börnum sínum afmælis- og jólagjafir, keypt vetrarfátnað þegar kólna fer í veðri eða greitt annan tilfallandi kostnað.

Þeir fangar sem eru duglegir, kannski í vinnu innan fangelsis og námi, fá þóknun og hafa í sig en varla á og þá sitja þeir eftir sem þiggja eingöngu dagpeninga. Þeir líta sjaldan glaðan dag.

Skylda er fyrir óvinnufæra að stimpla sig inn hjá verkstjóra á hverjum morgni til að fá greidda dagpeninga. Þrátt fyrir að fyrirkomulagið eiga að virka þannig að þeir sem eru veikir þurfi ekki að stimpla sig inn hefur reynslan verið önnur. Þá eru öryrkjar margir hverjir andlega veikir og misveikir frá degi til dags. Þetta hefur leitt til þess að öryrkjar hafa ekki alltaf fengið þá litlu dagpeninga sem þeir áttu rétt á.

Kostnaður

Í kaflanum hér á undan var ferð til tannlæknis flokkuð sem munaður. Tannheilsa íslenskra fanga staðfestir þá flokkun. Fangar fá engan afslátt af tannlæknaþjónustu og þurfa að greiða fyrir hana fyrirfram. Bráðaaðgerðir greiða fangelsin og draga síðan skuldina af dagpeningum eða þóknun.

Nærtækt dæmi er að finna í úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála, þeim sama og leiddi til þessarar fyrirhuguðu lagabreytingu. Í úrskurðinum segir af óvinnufærum öryrkja í íslensku fangelsi

sem sótti um ráðstöfunarfé til Tryggingastofnunar. Fangelsið dregur af honum alla dagpeninga vegna tannlæknakostnaðar en engu að síður sér hann fram á frekari tannviðgerðir auk þess sem annar kostnaður blasir við.

Tryggingastofnun synjaði honum um ráðstöfunarfé en úrskurðarnefndin taldi að skilyrði reglugerðar hefðu ekki átt sér nægilega lagastoð og var synjunnin því hrundið. Maðurinn fékk því ráðstöfunarféð, eins og aðrir öryrkjar eftir að úrskurðurinn var kveðinn upp, eða alla vega þeir sem sótt um.

Einnig má nefna kostnað við nám. Öryrkjum stendur til boða styrkur fyrir námi og kennslubókum en engu að síður fara fæstir þeirra nokkurn tíma í nám. Það er ekki áhugaleysi heldur verða þeir að leggja út fyrir kostnaði sem Tryggingastofnun endurgreiðir síðan. Slíkt er mörgum um megn.

Fleiri á sama máli

Sökum þess að reynt var að lögfesta umrædda breytingu á síðasta löggjafarþingi liggur afstaða ýmissa samtaka fyrir. Rauður þráður í umsögnum þeirra var sá að ekkert jafnræði felist í því að gera öryrkja jafnsetta þeim verst settu í fangelsum landsins.

Alþýðusamband Íslands: „Ákvæðið er fortakslaust og tekur ekki tillit til þess að almennt gefst föngum tækifæri til launaðrar vinnu meðan á afplánun stendur, vinnu sem öryrki í afplánun á ekki tækifæri til þess að sinna. Slíkur fangi er ekki jafnsettur öðrum föngum og eðlilegt að lögin geri ráð fyrir að taka megi tillit til slíkra tilvika.“

BSRB: „BSRB telur rétt að skoðað verði hvort tryggt sé að með því að örorku- og ellilífeyrir falli niður verði þeir fangar í reynd jafnsettir öðrum m.a. vegna tækifæra fanga til vinnu á meðan á afplánun stendur.“

Landssamband eldri borgara: „Við teljum það all harkalegt að fella niður allar bætur við þessar aðstæður og vitna til þess í greinargerð að þar sé um sanngirnisástæður að ræða gagnvart öðrum föngum. Ellilífeyrisþegar hafa tæplega möguleika á því að taka launaða vinnu meðan á afplánun stendur, eins og yngri fangar og er því ekki jafnræði að því leyti milli lífeyrisþega og annarra fanga. Slíkur tekjumissir getur haft þau áhrif að viðkomandi missi eignir s.s. húsnæði og getur þá verið afar illa staddur þegar afplánun lýkur. Við teljum því að þetta ákvæði ætti að fella niður.“

Mannréttindaskrifstofa Íslands: „MRSÍ bendir á að ekki er tryggt algert jafnræði með föngum með því að lífeyrisgreiðslur fanga falli niður við afplánun, þar sem vinna sem föngum stendur til boða í fangelsum landsins er að miklum meirihluta þess eðlis að fyrir einstakling með skerta starfsgetu getur verið erfitt eða jafnvel ómögulegt að stunda hana. Því hvetur MRSÍ til þess að kannað verði hvort ekki sé rétt að lögin geri ráð fyrir að taka megi tillit til slíkra tilvika og gera ráð fyrir möguleika á einhverjum greiðslum til fanga sem ekki eru færir um að stunda vinnu í fangelsum landsins.“

Öryrkjabandalag Íslands: „ÖBÍ leggur til að í stað heimildarákvæðis verði sett inn ákvæði sem tryggir föngum, sem einnig eru lífeyrisþegar, greiðslu ráðstöfunarfjár (í dag vasapeningar) þegar lífeyrir fellur niður. Einstaklingar með skerta starfsgetu eru ekki í sömu stöðu og aðrir fangar hvað varðar

möguleika til vinnu á meðan á afplánun stendur. ÖBÍ tekur undir athugasemdir í umsögnum MRSÍ, BSRB, LEB og ASÍ að þessu leyti. Ef þessir einstaklingar missa ráðstöfunarfé sitt myndu greiðslur til þeirra fara niður í 13.800 kr. á mánuði Grundvallarhugmynd ákvæðisins, eins og það er sett fram í frumvarpinu, er að koma í veg fyrir að einstaklingar geti hagnast á því að vera með skerta starfsgetu. Útfærslan sem hér er lagt upp með veldur því hins vegar að ekki er komið til móts við einstaklinga, sem eru með skerta starfsgetu og þeir því verr staddir en aðrir fangar. Mikilvægt er enn fremur að gæta jafnræðis, þ.e. að öllum einstaklingum með örorkumat hjá TR, sem vistaðir eru á stofnun sé tryggt ráðstöfunarfé, þegar örorkubætur falla niður.“

Ákvörðun Tryggingastofnunar um að fara gegn upphaflegum vilja löggjafans og breyta almennu ákvæði almannatryggingalaga um ráðstöfunarfé í undanþáguákvæði var ranglát. Sjálfsagt er að nýta tækifærið sem gefst með úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála öryrkjum í fangelsum landsins til að breyta af þeirri leið. Fangar eiga sér kannski ekki marga málsvara en einn verst setti hópur innan þess samfélags, öryrkjar, á þá fæsta. Verði frumvarpið óbreytt að lögum mun þessi litli hópur hafa það enn verra.

Að því sögðu mælist Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun til þess að 11. grein frumvarpsins falli brott í meðförum velferðarnefndar.

Grundarfjörður, 19. september 2016

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Afstöðu

Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13.9.2016
Tilvísun: 201609-0006

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

Meginefni frumvarpsins snýr að grundvallarbreytingu og einföldun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum, auknum sveigjanleika til töku ellilífeyris og hækkun á lífeyrisaldri um þrjú ár á næstu 24 árum. Þá er í frumvarpinu lagt til að komið verði á fót tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

A/ Ellilífeyrir almannatrygginga

Sá þáttur frumvarpsins sem snýr að bótakerfi og réttindum ellilífeyrisþega í almannatryggingakerfinu er í samræmi við niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatryggingar sem skilaði tillögum sínum til félags- og húsnæðismálaráðherra í mars síðastliðnum.


Einföldun bótakerfis almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum

Lagt er til að bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum verði einfaldað verulega með sameiningu bótaflokka, afnámi frítekjumarka og mismunandi skerðingareglum eftir uppruna tekna. Tekinn verði upp einn sameinaður bótaflokkur ellilífeyris sem lækki um 45% af samanlögðum tekjum öðrum en séreignarsparnaði. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að ellilífeyrisaldur hækki í skrefum úr 67 árum í 70 ár á 24 ára tímabili auk þess sem sveigjanleiki almannatrygginga til töku lífeyris er aukinn. Þannig verði heimilt að flýta töku ellilífeyris til 65 ára aldurs gegn varanlegri lækkun lífeyris á tryggingafræðilegum grunni og að sama skapi




fresta töku ellilífeyris til 80 ára aldurs gegn varanlegri hækkun. Auk þess sem tekin verður upp heimild til töku hálfes ellilífeyris sem einnig eykur möguleika til sveigjanleika í starfslokum. Líkt og rakið er í greinargerð frumvarpsins hefur vinna við endurskoðun almannatrygginga staðið yfir nær samfleytt síðastliðinn ellefu ár í þverpólitískum nefndum með aðkomu fjölmargra hagsmunaaðila. Núverandi áfangi endurskoðunarinnar má rekja til nefndar sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði haustið 2013. Segja má að leiðarljós endurskoðunarinnar hafi frá upphafi snúið að því að einfalda bótakerfi almannatrygginga og auka gagnsæi, bæta samspil þess við lífeyriskerfið, auka sveigjanleika og efla starfsendurhæfingu. Efni frumvarpsins eru afrakstur þessarar vinnu og mun einfalda til muna bótakerfi almannatrygginga gagnvart ellilífeyrisþegum. Er nú svo komið að fyrir allan almenning er nánast ógerningur að hafa yfirsýn yfir réttindi sín í almannatryggingakerfinu og áhrif breytinga á tekjum á þau. Í dag eru bætur almannatrygginga samsettar af grunnlífeyri, tekjutryggingu, framfærsluuppbót og heimilissuppbót til þeirra sem búa einir – þessir bótaflokkar skerðast með mismunandi hætti eftir uppruna tekna (lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur eða fjármagnstekjur) og hafa mis há frítekjumörk. Auk þess valda skerðingarreglur fyrir bótaflokkinn framfærsluuppbót, sem skerðist krónu fyrir krónu gagnvart öllum tekjum, því að ellilífeyrisþegar hafa í reynd lítinn eða jafnvel engan ávinning af því að hafa greitt iðgjald til lífeyrissjóða í áratugi. Þannig hefur einhleypur ellilífeyrisþegi sem fær 60.000 krónur greiddar úr lífeyrissjóði á mánuði engan ávinning af þeim tekjum og fái hann 100.000 krónur heldur hann eftir um 19.000 krónum. Þessi mikla tekjuskerðing vegur að stoðum lífeyrissjóðakerfisins og getur til lengdar eyðilaggt þá sátt sem ríkja þarf um sjálfbærni kynslóðanna í fjármögnun lífeyrisbyrðarinnar. Þetta er ótækt. Sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu um að sameina bótaflokkana grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn bótaflokk, ellilífeyri sem skerðist um 45% af tekjum mun einfalda kerfið til muna og bæta samspilið við lífeyriskerfið umtalsvert. Þetta mun einkum bæta kjör þess hóps sem í dag hefur tiltölulega lágar greiðslur úr lífeyrissjóði en þar á meðal er sú kynslóð sem ekki náði að safna fullum réttindum í lífeyrissjóð á starfsævinni. Áhrif breytinganna á samspil tekna frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum má sjá nánar á myndum að neðan.

Líkt og úrreikningar nefndar um endurskoðun almannatrygginga sýna munu allflestir ellilífeyrisþegar fá hærri lífeyrisgreiðslur úr almannatryggingunum verði frumvarpið að lögum. Breytingin er þó viðamikil og getur haft ólík áhrif á afkomu einstaklinga. Vegna hlutfallslegrar hárra frítekjumarkna á atvinnutekjur munu tekjur lítills hóps ellilífeyrisþega sem hefur atvinnutekjur á bilinu 105.000 – 374.000 t.a.m. lækka við breytinguna. Til þess að skapa ekki óvissu um afkomu er brýnt að tryggja með sólarlagsákvæði líkt og lagt er til í frumvarpinu að greiðslur frá almannatryggingum lækki ekki við yfirfærslu í nýtt kerfi. Í þessu samhengi má einnig benda á að með heimild til töku á hálfum ellilífeyri sem verður án tekjutengingar líkt og lagt er til í frumvarpinu mun hvati og sveigjanleiki til atvinnuþátttöku lífeyrisþega aukast til muna.




Mynd 1: Núverandi bótakerfi almannatrygginga og samspil við lífeyrissjóðstekjur



Mynd 2: Samanburður á heildartekjum lífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur í núverandi bótakerfi almannatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins



Mynd 3: Hlutfallsleg breyting heildartekna ellilífeyrisþega með lífeyrissjóðstekjur skv. tillögum frumvarpsins.



Mynd 4: Samanburður á ávinningi af lífeyrissjóðstekjum í núverandi bótakerfi almannatrygginga og skv. tillögum frumvarpsins.



Hækkun ellilífeyrisaldurs og aukinn sveigjanleiki

Aukin velsæld og framfarir í læknávisindum hafa síðustu áratugi stöðugt aukið lífslíkur. Frá því samið var um stofnun almennu lífeyrissjóðanna árið 1969 hefur meðalævi íslenskra karla lengst úr tæpum 72 árum í tæpt 81 ár og kvenna úr 77,5 í tæp 84 ár. Sextug kona gat árið 1970 vænst þess að lifa í 21,7 ár til viðbótar og vera á lífeyri í 14,7 ár m.v. 67 ára eftirlaunaaldur. Í dag getur sextug kona vænst þess að lifa í rúm 25 ár og vera rúm 18 ár á lífeyri. Þessi jákvæða þróun hefur áhrif á samfélagið allt og er nú víðast horft til hækkunar á almennum eftirlaunaaldri til að mæta þessari þróun. Slík breyting dugar ekki ein og sér þar sem þessari þróun fylgja fjölmargar áskoranir fyrir lífeyris- og velferðarkerfið og ekki síður fyrir atvinnulífið. Í því felst m.a. að auka verður möguleika eldra fólks til lengri og virkari þátttöku á vinnumarkaði með auknum sveigjanleika í starfslokum og töku lífeyris. Í frumvarpinu er komið til móts við þetta með tillögu um að lífeyrisaldur hækki í hægum skrefum næstu 24 árin og verði árið 2041 orðin 70 ár. Samhlið því er sveigjanleiki til töku lífeyris aukinn verulega bæði með því að heimila töku ellilífeyris almannatrygginga frá 65-80 ára aldurs gegn varanlegri lækkun/hækkun á lífeyrinum auk þess sem tekin er upp sú mikilvæga nýbreytni að unnt verður að taka hálfan ellilífeyri, t.d. samhliða hlutastarfi, án tekjuskerðinga.

Alþýðusambandið fagnar ofangreindum breytingum á ellilífeyri almannatrygginga og hvetur eindregið til samþykktar þeirra. Að baki tillögunum liggur áralöng þverpólitísk vinna fjölmargra aðila þar sem samhljómur hefur ríkt um nauðsyn slíkra breytinga án þess að til þeirra hafi komið.

Athugasemdir

Alþýðusambandi vekur athygli á því að samkvæmt frumvarpinu er áfram gert ráð fyrir að séreignarlífeyrissparnaður sé undanskilin við mat á tekjum og hafi því ekki áhrif á útreikning ellilífeyris almannatrygginga. Þetta getur þýtt að hópar sem hafa miklar séreignarlífeyristekjur fái jafnframt óskertar bætur almannatrygginga á sama tíma og þeir sem fá greiðslur úr samtryggingarlífeyrissjóðum eða fjármagnstekjur af öðrum sparnaði eru skertir. Eðlilegt er að stefnt sé að því að séreignarsparnaður sé gerður jafnsettur öðrum sparnaði, þannig að greint sé á milli höfuðstóls og ávöxtunar.

ASÍ áréttar einnig afstöðu sína um nauðsyn þess að gera breytingar á barnalífeyri almannatrygginga sem tryggja jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

Líkt og ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni um tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu og fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021, (þingmál 740. og 741 á 145. löggjafarþingi), eru umræddar umbætur á almannatryggingarkerfinu ófjármagnaðar þrátt fyrir að legið hafi fyrir áform þar um. Á þetta er einnig bent í kostnaðarumsögn velferðarráðuneytisins með frumvarpinu.



Þá ítrekar ASÍ þá skoðun sína að til viðbótar við ofangreindar breytingar á almannatryggingakerfinu er brýnt að ráðast nú þegar í heildarendurskoðun á ákvæðum almannatryggingalaga varðandi örorkulífeyrisþega í samræmi við niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Ný nálgun í mati á starfsgetu og sambærileg endurskoðun á bótakerfi almannatrygginga gagnvart örykjum er löngu tímabær og fyrir liggur að langan tíma mun taka að innleiða breytingarnar að fullu.

B/ Tilraunaverkefni um nýtt greiðslufyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Í stefnu Alþýðusambands Ísland í lífeyrismálum frá árinu 2013 segir:

Horfið verði frá tekjutengingum milli heilbrigðiskerfisins og lífeyristekna í gjaldtöku á dvalar – og hjúkrunarheimilum fyrir aldraða. Skilgreindur verði almennur húsnæðis- og fæðiskostnaður en hjúkrunarkostnaður verði á vegum opinberra aðila.

Alþýðusambandið fagnar áformum um breytingar á fyrirkomulagi greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum sem miðar að því að íbúar fái greiddan lífeyrir sinn og greiði milliliðalaust framfærslu- og húsnæðiskostnað á heimilunum en greiðsluþátttaka fyrir lyf og aðra heilbrigðisþjónustu lúti almennum reglum sem um það gilda.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz
hagfræðingur ASÍ

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. september 2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (einföldun bótaskerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almannatryggingar. Bandalagið átti fulltrúa í nefnd um endurskoðun laga um almannatrygginga sem skipuð var af félags- og húsnæðismálaráðherra í nóvember 2013. Bandalagið studdi megin niðurstöður nefndarinnar sem að mestu leyti hafa verið færðar inn í frumvarpið sem nú er til umsagnar, að undanskildu starfsgetumati.

Því styður bandalagið framgang þeirra tillagna sem frumvarpið tekur til en leggur ríka áherslu á að bætt verði við ákvæðum um starfsgetumat í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatryggingarlaga. Samkvæmt stefnu BSRB sem samþykkt var til þriggja ára í október s.l. telur bandalagið að gera þurfi grundvallarbreytingar á almannatryggingarkerfinu þar sem lítið er til starfsgetu einstaklinga en ekki örorku þeirra.

Í niðurstöðum nefndar um endurskoðun almannatrygginga er sérstaklega vakin athygli á því að í óbreyttu kerfi er því ljóst að dæmi geta verið um einstaklinga sem hafi fengið 75% örorkumat en eru hins vegar með fulla starfsgetu þrátt fyrir skerðingu eða sjúkdóm, sjá bls. 10-11. Í tengslum við niðurstöðu nefndarinnar lögðu BSRB ásamt ASÍ, BHM, KÍ og SA fram bókun. Þar segir að lögð sé áhersla á að metin sé starfsgeta einstaklinga í stað vangetu þeirra, aukin réttindi fólks sem býr við orkuskerðingu á bilinu 25-50% með því að taka upp kerfi hlutabóta og tryggja endurhæfingarmöguleika í stað núverandi örorkubótakerfis sem festir fólk oft í fátækragildru og dregur úr hvata til starfsendurhæfingar og atvinnuþátttöku.

Ekki náðist samstaða í nefndinni um endurskoðun almannatrygginga um tillögur til breytinga á barnalífeyri almannatrygginga. Í fyrrnefndri bókun samtaka launafólks og atvinnurekenda segir að brýnt sé að félags- og húsnæðismálaráðherra og Alþingi beiti sér fyrir því að gerðar verði breytingar hið fyrsta á barnalífeyri sem tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur.

Fyrir hönd BSRB


Helga Jónsdóttir

14.9.2016

Nefndasvið Alþingis

Umsögn um Almannatryggingar o.fl. 857.mál , lagafrumvarp.145.löggjafarþing 2015-2016.

Athugasemdir við lagafrumvarpið:

1. Ekki er gert ráð fyrir, að lífeyrir hækki neitt frá því sem nú er. Hækka þarf lífeyrinn verulega, þar eð ekki er unnt að framfæra sig af þeim lífeyri, sem þeir fá í dag, sem ekki hafa neinar greiðslur úr lífeyrissjóði, af atvinnutekjum eða fjármagnstekjum.
2. Skerðing lífeyris almannatrygginga eykst vegna atvinnutekna.Draga þarf úr þessari skerðingu til þess að auðvelda eftirlaunafólki að fara út á vinnumarkaðinn og vinna sér inn einhverjar aukatekjur.Best væri að afnema tekjutengingar með öllu.

Breytingar á frumvarpinu: 6.gr Upphaf 23.gr laganna orðist svo,ásamt fyrirsögn:

Fjárhæð ellilífeyris og sveigjanleg starfslok.

Fullur ellilífeyrir skal vera **3.153.312 kr.á ári**.Ellilífeyrir skal lækka um 30% af atvinnutekjum lífeyrisþegans sbr.16.gr uns lífeyririnn fellur niður.Ellilífeyrir skal lækka um 45% af öðrum tekjum lífeyrisþegans sbr. 16.gr. uns lífeyririnn fellur niður.

Reykjavík 14.september 2016

Björgvin Guðmundsson

Viðskiptafræðingur

Eftirlaunamaður

Hlaðhömrum 2,270 Mosfellsbæ

Kt. 130932 3639

Umsögn um frumvarp til breytingar á lögum um almannatryggingar o.fl., 857. mál .

Tilfni frumvarpsins mun vera hækkaður lífaldur þjóðarinnar og markmið að hamla kostnaðarauka ríkisins í framtíðinni vegna almannatrygginga af þeim sökum. Það á einkum að gerast með almennri skerðingu réttinda, þ.e. með hækkun á lífeyristökualdri og með afmarkaðri skerðingu þ.e. tilfærslu á andvirði grunnlífeyris frá hluta lífeyrisþega til annarra lífeyrisþega.

Benda má á að ellilífeyrir almannatrygginga ætti sjálfkrafa að dragast saman með aukinni hlutdeild lífeyrissjóðanna í framtíðinni. En lífeyrissjóðirnir eru ónæmir fyrir aldurssamsetningu þjóðarinnar þar sem þeir eru söfnunarsjóðir og skerðing hjá þeim vegna þessa er óþörf.

Ef skerða á réttindi ellilífeyrisþega almannatrygginga þá verða skerðingar að vera almennar eins og hækkaður lífeyristökualdur. Afmarkaðar skerðingar þar sem hluti lífeyrisþega er látin bera kostnað vegna viðauka hjá öðrum lífeyrisþegum er beinlínis ranglátur og þarf að breyta í frumvarpinu. Hér er átt við skerðingu og síðan missi grunnlífeyris hjá þeim sem hafa eingöngu lífeyrissjóðstekjur yfir kr. 400 þús. á mánuði.

Þeir sem hafa borgað meira í lífeyrissjóðakerfið eiga þarna í raun að borga fyrir þá sem hafa greitt minna.

Ef bæta á lífeyri almannatrygginga þá tákna það aukin útgjöld ríkisins til frambúðar en ekki tímabundið við kerfisbreytingu.

Aukið svigrúm til töku lífeyris er til bóta en það er engin lausn að ætla gamalmönnum aukna hlutdeild á vinnumarkaði til að bæta sér upp ónógan ellilífeyri til framfærslu.

Virðingarfyllst,

Einar Jónsson
Hverafold 74
112 Reykjavík

26. september 2016

Velferðarnefnd Alþingis

Úrdráttur úr lagafrumvarpi 1962-63

staðfesting á að lífeyrissjóðir er viðbótatryggin og kemur til viðbótar almannatryggingum og sýnir líka að stefna ASÍ í dag gerir ráð fyrir lægri eftirlaunum en gert var ráð fyrir 1963.

Ed. 462. Frumvarp til laga [222. mál] um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. (Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962-1963.)

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta. Frumvarp þetta er samið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þeim Hákonni Guðmundssyni, hæstaréUarritara, Guðmundi Guðmundssyni, tryggingafræðingi og Sigtryggi Klemenzsyni, ráðuneytissjóra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð: Hinn 13. september 1961 ritaði fjármálaráðherra, Gunnar Thoroddsen, stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins svo hljóðandi bréf

„Þegar skerðingarákvæðin féllu úr gildi, 1. janúar 1961, kom sú skoðun víða fram, að opinberir starfsmenn ættu að gerast fullgildir aðilar að almannatryggingunum, **en lífeyrissjóðir þeirra starfrækjast áfram sem viðbótatrygging**. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, hefur verið farið inn á þessa braut, og liggja til þess ýmsar ástæður. Frá sjónarmiði almannatrygginganna er það að mörgu leyti óæskilegt, að til séu vissir hópar manna, sem hafi þar sérstöðu, enda er nú stefnt að því að afnema það með breytingu á lögum um almannatryggingarnar. „

Breytingar laganna eru við það miðaðar, að tryggja opinberum starfsmönnum, sem lög þessi taka til, og eftirlátum mökum þeirra og börnum, viðhlítandi ellilífeyri og maka- og barnalífeyri, án þess að stöðugt þurfi nýja lagasetningu um uppbætur á lífeyrinn. Þessu er reynt að ná með eftirtöldum ráðstöfunum:

1) Allir þeir, sem lög þessi taka til, fá fullan lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum. En ætla má, að lífeyrir almannatrygginganna verði í meginatriðum látinn taka breytingum í samræmi við breytingar á kaupmætti krónunnar.

2) Reglan um að miða ellí-, örorku- og makalífeyri við meðaltal síðustu 10 ára er felld niður og þess í stað miðað við síðustu laun sjóðfélagans.

3) Gert er ráð fyrir, að ef almenn hækking verður á launum opinberra starfsmanna, skuli lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækka á tilsvarendi hátt, en ríkissjóður endurgreiða sjóðnum þá hækkingu á lífeyrisgreiðslum, sem af því leiðir. Samanlagður ellilífeyrir úr sjóðnum og almannatryggingalífeyrir fyrir einhleypan karlmann, sem starfað hefur 30 ár í þjónustu ríkisins, verður um 75 % af síð- ustu launum. En sé um hjón að ræða, sem bæði eiga ellilífeyrisrétt hjá almannatryggingunum, verður samanlagður lífeyrir þeirra misjafn eftir launa flokkum, **frá 85 % í hæsta launaflokki og upp undir 100% í lægsta launaflokki**, miðað við nú- gildandi launalög. Þess ber þó að geta, að giftir lífeyrisþegar eru varla til III' lægra launaflokki en 12., og örfáir úr honum. Lífeyrir hjóna verður því á bilinu 85% til 95 % af síðustu launum fyrir 30 ára starfstíma. Meðalellilífeyrir fyrir alla launaflokka, og gifta og ógifta til samans, má ætla að verði **mjög nálægt 80 % af síðustu launum, miðað við 30 ára starfstíma**. Hækking lífeyrisins kemur að sjálfsgöðu fram við það, að opinberir starfsmenn....

Nefndasvið Alþingis

Velferðarnefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2016

Efni: Umsögn Félags eldri borgara í Reykjavík um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.f., 857. mál.

Stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík FEB, sendir hér með umsögn sína um 857. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.).

Félags eldri borgara í Reykjavík hefur áður sent velferðarráðuneytinu athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um almannatryggingar. Var það gert með bréfi til ráðuneytisins dags. 29. júlí s.l. Því miður virðist að velferðarráðuneytið hafi hvorki tekið tillit til athugasemda FEB eða svarað þeim efnislega. Það er ekki síður athyglisvert í ljósi þess að FEB er lang stærsta aðildarfélag innan Landssambands eldri borgara, LEB, með um 10.000 félagsmenn.

Um afnám frítekjumarka

Fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu að eitt af megin markmiðum þess sé að einfalda almannatryggingakerfið og afnema svokölluð frítekjumörk.

FEB telur að þetta megin markmið að afnema frítekjumörkin geti engan veginn staðist. Þannig virðist ljóst að hvorki LEB, Öryrkjabandalagið og FEB geti fallist á að afnema frítekjumark af atvinnutekjum við endurskoðun almannatryggingalaganna. Benda má á að skerðing vegna annarra tekna er engin í Noregi og 30% vegna atvinnutekna í Danmörku.

Ef heimila á frítekjumark af atvinnutekjum þá telur FEB afar óraunhæft að hægt sé afnema með lagasetningu frítekjumark á lífeyri frá lífeyrissjóðum annars vegar og hins vegar af fjármagnstekjum. Eðlilegt er að gæta samræmis í meðhöndlun allra tegunda af tekjum, þó varla sé hægt láta jafnt ganga yfir þær allar.

Álit verkefnisstjórnar um almannatryggingar árið 2009

Athygli skal vakin á því að með þessum tillögum um afnám frítekjumarka er gengið alveg þvert á álit verkefnisstjórnar um endurskoðun almannatrygginga, sem skilaði tillögum sínum í október 2009. Í því álit er ekki lagt til afnám frítekjumarka, heldur er þvert á móti lagt til að framtíðarstefnan eigi að vera sú að frítekjumörk verði hækkuð umtalsvert.

Markmiðið sé að auka sanngirni í almannatryggingakerfinu, hvetja til sparnaðar og aukinnar atvinnuþátttöku lífeyrisþega. Þeim markmiðum sé best náð með því að draga úr skerðingum. Stefnunorkunin felist öðu fremur í því að beita frítekjumörkum til að ná þessum markmiðum.

Verkefnisstjórnin hnykkir á þessari skoðun sinni með því að fullyrða að frítekjumarksleiðin sé einnig betur til þess fallin að bæta virkni almannatryggingakerfisins og draga úr frávikum og skekkjum á lífeyrisgreiðslum. Verður nú vikið nánar að frítekjumörkunum.

Nauðsyn frítekjumarka

Frítekjumark á atvinnutekjur ætti að vera hátt, það hvetur eldri borgara og öryrkja til atvinnuþátttöku og skilar sér í auknum skatttekjum til ríkis og sveitarfélaga.

Skerðing lífeyris aldraðra hjá Tryggingastofnun (TR) vegna fjármagnstekna er ósanngjörn. Margar ástæður geta verið fyrir því að aldraðir geyma fé í bönkum. Algeng ástæða er sú að eldri borgarar eru að skipta um húsnæði, minnka við sig og eru e.t.v. búnir að selja stærri íbúðina og hafa því eignast peningalegan sparnað. Þá hafa raunvextir iðulega verið neikvæðir og í mikilli verðbólgu geta vextir verið háir en undir verðbólugustiginu.

Margir eldri borgarar verða nú þegar fyrir verulegum skerðingum lífeyris frá TR vegna fjármagnstekna. Segja má að þeir eldri borgarar, sem að ráðdeild og sparnaði eiga fjármuni á bönkunum, verði fyrir þrefaldri skerðingu.

Í fyrsta lagi eru umtalsverðir fjármunir lífeyrisþega á óverðtryggðum bankareikningum með neikvæðum raunvöxtum. Lág verðbólga bætir þó þetta ástand nokkuð upp nú um stundir. Í öðru lagi hefur fjármagnstekjuskattur verið hækkaður úr 10% í 20% eða um 100% og skiptir þá engu máli þó verið sé að greiða fjármagnstekjuskatt af verðbótum eða neikvæðum vöxtum og í þriðja lagi skerðast bætur almannatrygginga vegna fjármagnsteknanna. Um því er að ræða þrefalda skerðingu hjá þessum fjölmenna hópi. Samkvæmt frumvarpinu koma flestir lífeyrisþegar með fjármagnstekjur betur út samkvæmt tillögunum, heldur en samkvæmt gildandi reglum. Það er ánægjulegt en væntanlega má ná markmiðunum betur með hærri og breyttum frítekjumörkum og lægri skerðingarprósentu.

Frítekjumark á lífeyrissjóðstekjur

Þó að hækkun frítekjumarka og minni skerðingar af atvinnutekjum sé góðra gjalda verð, þá ber að meðhöndla lífeyrissjóðstekjur með allt öðrum hætti.

Íslenska lífeyriskerfið byggist á þremur megin stoðum. Í fyrsta lagi almannatryggingum, í öðru lagi eftirlaunum frá lífeyrissjóðum og í þriðja lagi greiðslum úr séreignarsparnaði. Sú tilhneiging hefur því miður skotið upp kollinum að grunnstoðin séu lífeyrissjóðirnir en síðan komi almannatryggingar sem viðbót. Þetta er alrangt og stenst enga skoðun. Lífeyrissjóðirnir voru settir á stofn og hugsaðir sem viðbót við greiðslur frá almannatryggingum. Sjóðirnir eru sem sagt önnur stoð lífeyriskerfisins, en fyrsta stoðin eru almannatryggingar. Því er eðlilegra að hækka grunnlífeyrir almannatrygginga verulega frá því sem nú er, þannig að hann sé viðunandi en til viðbótar komi svo lífeyrir frá lífeyrissjóðunum. Frítekjumark af lífeyristekjum ætti því að vera óparft, en miðað við þá stöðu mála í dag, m.a. vegna skeytingaleysis stjórnvalda á undanförunum áratugum að hækka grunnlífeyri TR í samræmi við hækkun launavísitölu, þá gæti þurft að ná megin markmiðum þess í áföngum á næstu árum með verulegri hækkun frítekjumarka af lífeyrissjóðstekjum.

Önnur atriði frumvarpsins

Verður nú vikið að öðrum atriðum sem koma fram í umræddum frumvarpinu.

Um sveigjanleika og upphaf lífeyristöku

FEB tekur undir þau ákvæði sem fjalla um aukinn sveigjanleika og upphaf lífeyristöku. Í tillögunum er gert ráð fyrir að hægt sé að fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs, enda hafi viðkomandi ekki fengið greiddan lífeyri hjá lífeyrissjóðum.

FEB telur mikilvægt að sambærileg ákvæði um sveigjanleika og upphaf lífeyristöku gildi samhliða einnig hjá lífeyrissjóðunum. Hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði miðast t.d. hinn almenni eftirlaunaaldur við 67 ára aldur. Sjóðfélagi hefur val um að flýta töku lífeyris til 65 ára aldurs eða fresta til allt að 70 ára aldurs. Frestun lífeyris fram yfir 70 ára aldur hjá TR er hins vegar marklaus nema sambærileg ákvæði gildi hjá sjóðunum.

Um hækkun lífeyristökualdurs

FEB tekur einnig undir þá tillögu að hækka hinn almenna lífeyristökualdur í áföngum og miða þá við 70 ára aldursmarkið. Hins vegar telur FEB þær tillögur ógerlegar nema sambærileg ákvæði gildi samtímis um alla starfandi lífeyrissjóði, hvort sem þeir eru á hinum almenna eða opinbera vinnumarkaði.

Um greiðslubátttöku á hjúkrunarheimilum

FEB fagnar því að stofnaður hefur verið sérstakur starfshópur til að koma á tilraunaverkefni í samvinnu við hjúkrunarheimili um nýtt fyrirkomulag um greiðslubátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Hins vegar ber að gjalda varhug við því að gera greinarmun á hinum efnameiri sem geta greitt hærri húsaleigu og geta

þannig öðlast betra og stærra húsnæði á hjúkrunarheimilunum, en í frumvarpinu segir að fjárhæð húsaleigu eigi að fara eftir gæðum og stærð húsnæðis.

Um 4.200 lækka eða fá engan lífeyri frá TR

Samkvæmt frumvarpinu munu nánast allir lífeyrisþegar með tekjur undir 100.000 kr. á mánuði fá hærri greiðslur frá TR, ef frumvarpið nær fram að ganga og langflestir með tekjur á bilinu 100-300 þús. kr. á mánuði. Greiðslur TR til þeirra sem hafa tekjur yfir 400 þús. kr. munu lækka sem skýrist af afnámi reglu um að lífeyrissjóðstekjur skerði ekki lífeyri (grunnlífeyri) sem nú er tæplega 40.000 kr. á mánuði. Um 4.200 manns munu því sæta lækkun eða fá engan lífeyri frá TR, ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd.

Á ráðstefnu Alþýðusamband Íslands um velferðarkerfið sem haldin var fyrir nokkrum árum kom fram sú eindregna skoðun ræðumanna, að ekki mætti einskorða lífeyri almannatrygginga einvörðungu við þá sem verst væru settir í þjóðfélaginu. Afleiðing slíks kerfis væri sú að velferðarkerfið væri svelt, vandkvæði tengd neikvæðri stimplun styrkþega kæmi upp auk fátæktargilda. Því meira sem lífeyrir er lágtekjumiðaður, því lægri verður upphæðin sem er til ráðstöfunar, þ.e. því meiri áhersla verður lögð á að beina lífeyri aðeins til hinna fátækustu í samfélaginu, því minni árangri nær velferðarríkið í því að draga úr ójöfnuði. Í samræmi við þetta sjónarmið leggur FEB því áherslu á að lífeyristekjur sjóðanna skerði ekki eftirlaun hjá TR.

Niðurstaða

Að lokum vill FEB áréttta eftirfarandi:

- FEB getur með engu móti samþykkt óbreytt það frumvarpi til laga um almannatryggingar sem fyrir liggur. Þó mörg atriði frumvarpsins séu vissulega til bóta frá því kerfi sem nú er í gildi varðandi almannatryggingarnar, eru of mörg önnur atriði í frumvarpinu sem ekki eru ásættanleg í óbreyttri mynd.
- Þar má helst nefna:afnám frítekjumarka, m.a. á launatekjur, sem mun virkja letjandi á eldra fólk að halda áfram störfum á vinnumarkaði og vinna þannig gegn því markmiði sem fram kemur í drögnum að hækka eftirlaunaaldur manna og fresta töku lífeyris til 80 ára aldurs. Eðlilegt er að gæta samræmis í meðhöndlun allra tegunda af tekjum eftir því sem kostur er, svo sem vegna fjármagnstekna.
- Breytingar samkvæmt frumvarpinu munu valda því að um 4.200 manns munu sæta lækkun eða fá engan lífeyri frá TR, ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd. Það er óviðunandi að leggja niður grunnlífeyri til allra í almannatryggingum, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Það væri eðlilegra að hækka hann verulega, þannig að hann verði viðunandi og lífeyrir frá lífeyrissjóðunum komi svo til viðbótar.
- Því er haldið fram í opinberri umræðu að grunnstoð eftirlaunakerfisins sé lífeyrissjóðirnir og síðan komi almannatryggingar sem viðbót. Þessi skoðun kom m.a. fram á nýlegum fundi félags- og húsnæðismálaráðherra með fulltrúum FEB

og Gráa hersins. Þetta er alrangt og stenst enga skoðun. Lífeyrissjóðirnir voru hugsaðir sem viðbót við greiðslur frá almannatryggingum. Ekki þarf að deila um þetta megin atriði í uppbyggingu lífeyriskerfisins.

- Það er einnig krafa FEB að nú þegar verði hækkaður lífeyrir þeirra sem verst eru settir í 300.000 kr. á mánuði en í frumvarpinu er ekki stafkrókur um að hækka lágmarkslífeyririnn. Sá hópur eldri borgara sem býr við fátækt í dag getur ekki beðið eftir einhverjum óljósum kerfisbreytingum. Fátækt fólk meðal eldri borgara og öryrkja þarf á leiðréttingu að halda og það strax.

Virðingarfyllt,

f..h. Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður

Hrafn Magnússon, gjaldkeri

Gísli Jafetsson, framkvæmdastjóri

29.9.2016

Tilvísun: mál 857. greinagerð með frumvarpinu Fylgiskjal 1 bls 31 og 32

Í töflu 1, 2 og 3 er gerð grein fyrir hækkunum sem verða á bótum vegna nýrra laga. Þarna eru setta fram tölur um hækkunir sem er hrein blekking þar sem ekki er tekið tillit til skattlagninga, þannig að þessar tölur um hækkunir eru alrangar og ekki ljóst í hvaða tilgangi það þjónar að setja þetta fram með þessum hætti. Þetta blekkti mig og eflaust fleiri.

Dæmi: Atvinnutekjur kr 100.000. á mánuði, samkvæmt töflu er hækkun bóta 37.319,- þegar búið er að skerða atvinnutekjur um 45% og 37,13% skatt standa eftir kr 17.870.- Ef við leggjum það við tekjur TR kr 185.692.- eru það kr 203.562.- sem eru ráðstöfunartekjur.

Samkvæmt núgildandi lögum eru ráðstöfunartekjur í þessu tilfalli kr 218.937.- Hér er um að ræða lækkun á ráðstöfunartekjum um kr 15.375.- svo það er ekki hvetjandi að vinna og bera svona lítið úr bótum.

Sami útreikningi gildir fyrir kr 100.000.- í lífeyrisjóðtekjur, en þar er ráðstöfunartekjur samkvæmt núgildandi lögum kr 200.683.-, þannig að ráðstöfunartekjur hækka um kr 2.879.-

Sambærilegur útreikningur gildir fyrir kr 100.000.- í fjármagnstekjur, en þar sem fjármagnstekjuskattur er lægri en staðgreiðsluskattur eru ráðstöfunartekjur kr 210.457.- eða kr 6.895.- hærri.

Samkvæmt þessum útreikningu er ekki um neinar hækkunir að ræða hjá meiginhluta ellilífeyrisþega. Samkvæmt greinagerð er ýmist talað um hækkunir eða ekki, en eitt af markmiðunum var að hvetja til atvinnutekna sem ekki verður séð að sé hugsað til enda. Þingmenn og margir aðrir fulltrúar í nefndum varðandi þessi mál hafa staðhæft að það eigi að hækka allar bætur og ellilífeyrisþegar standa í þeirri trú að svo verði, þeir sem eru verst settir fá einhverja lækkun en megin þorri lífeyrisþega fá enga lækkun og jafnvel lækkun eins og dæmin sanna. Ef lögin verða samþykkt eins og þau eru mun megin þorri ellilífeyrisþega þurfa áfram að lifa við fátækramörk, sem er niðurdrepandi og framkallar þunglyndi, veikindi og vesældóm sem er dýrt fyrir þjóðfélagið.

Til að bjarga þessu lagafrumvarpi legg ég til að haft verði reuverulegt frítekjumark kr 100.000.- á atvinnutekjur, lífeyrissjóðsgreiðslur og fjármagnstekjur. Frítekjumark eru þá skattfrjálsar tekjur og án skerðingar. Tekjur umfram 100.000.- yrðu að sjálfsögðu skertar og skattlagðar.

Þetta hækkar ekki útgjöld TR, skattekjur minnka en miðað við þessi lög myndi enginn fara að vinna uppá þessi kjör þannig að þar tapast ekki skatttekjur. Skerðing vegna lífeyrisgreiðsla og fjármagnstekna má flokka undir arðrán að vissu narki.

Það er ekki langt til kostninga og yrðu þær ánægjulegri fyrir alla ef þetta næði fram að ganga.

Akureyri 29 sept 2016

Haukur Haraldsson



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 16.09.2016
1609013 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á lögum um almannatryggingar ofl.

Velferðarnefnd sendi Jafnréttisstofu til umsagnar frv. til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl., þskj. 1624, 857. mál. Jafnréttisstofa þakkar fyrir að hafa fengið tækifæri til að senda inn umsögn um málið.

Almennar athugasemdir:

Jafnréttisstofa vill vekja athygli á því að mikil umræða er víða í Evrópu um kynjabil í lífeyrismálum. Jafnréttisstofa telur að skoða þurfið þau mál ítarlega hér á landi. Í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu kemur fram að efni þess „sé í samræmi við þá stefnu stjórnvalda að styðja aldraða til sjálfsbjargar og hvetja til atvinnuþátttöku, einfalda almannatryggingakerfið og bæta samspil þess við lífeyrissjóðakerfið ásamt því að auka stuðning við þann hóp aldraðra sem hefur mjög lágar eða engar tekjur sér til framfærslu aðrar en bætur almannatrygginga“. Jafnréttisstofa tekur undir það að brýnt er að stjórnvöld bæti lagaumgjörð þannig að þau markmið sem tilgreind eru geti náðst. Jafnréttisstofa telur það jákvætt og nauðsynlegt að auka sveigjanleika við starfslok og upphaf lífeyristöku. Jafnréttisstofa telur jafnframt að það sé jákvætt að skapaður verði hvati fyrir eldra fólk til að halda áfram þátttöku í atvinnulífinu, ef fólk svo kýs.

Í VI. kafla athugasemda með frumvarpinu, sem ber heitið *Mat á áhrifum*, eru sýndar þrjár töflur yfir samanburð á greiðslum samkvæmt gildandi kerfi og því nýja kerfi sem lagt er til með frumvarpinu. Litið er til tegunda tekna og fjárhæða, sjá töflur 1, 2 og 3 á bls. 16 og 17. Jafnréttisstofa gerir athugasemd við það að upplýsingar í þessum þremur töflum séu ekki kyngreindar. Í töflunni þar sem lífeyrissjóðstekjur eru sýndar kemur fram að bætur hækka hjá flestum, en þegar tekjur úr lífeyrissjóðum eru orðnar 400.000 kr. þá fara bætur að lækka. Breytingin yrði því til batnaðar fyrir flesta. Í töflu 2 eru áhrif fjármagnstekna skoðuð. Þá kemur í ljós að allir verða betur settir, þ.e. fá hærri bætur í nýja kerfinu, þangað til fjármagnstekjur eru orðnar 500.000 kr. Í töflu 3 er sýnt fram á áhrif atvinnutekna. Þar kemur fram að bætur munu lækka til flestra. Þ.e. þau sem afla atvinnutekna á bilinu 150.000 – 350.000 kr. munu fá lægri bætur í nýja kerfinu, ef frumvarpið verður að lögum. Jafnréttisstofa telur að þessi staða, sem sýnd er í töflu 3, sé tæplega í samræmi við yfirlýst markmið um að hvetja til atvinnuþátttöku eldra fólks. Þetta þarf að endurskoða og útfæra á þann veg að sé í samræmi við markmiðið um að auka atvinnuþátttöku.



Jafnréttisstofa

Að öðru leyti hefur Jafnréttisstofa ekki forsendur til þess að fara mjög ítarlega yfir útreikninga eða forsendur fyrir þeim útreikningum. En ljóst er að fara þarf betur yfir útfærsluna, til þess að frumvarpið nái markmiðum sínum.

Jafnréttisstofa fagnar því að kynjamat hafi farið fram á áhrifum frumvarpsins, sjá fylgiskjal II. Rétt er að taka það fram að breytingar á kerfinu, sem myndu bæta stöðu kvenna umfram karla, væru einnig í samræmi við c. lið 1. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Þar segir að markmiði jafnréttislaga, sbr. 1. gr., skuli m.a. náð með því að „bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu“. Vitað er að fleiri eldri konur en karlar búa við bág kjör, sbr. einnig athugasemdir í fylgiskjali II með frumvarpinu. Jafnréttisstofa minnir einnig á að sértækar aðgerðir til að bæta stöðu þess kyns sem á hallar í tilteknum aðstæðum eða hópum eru heimilar skv. lögum nr. 10/2008.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elfasdóttir

lögfræðingur

Alþingi Nefndasvið

Umsögn Landssambands eldri borgara um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum, þingskjal 1624 — 857. mál. Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.

Um árábil hefur almannatryggingakerfið verið til endurskoðunar. Á síðasta kjörtímabili í nefnd undir formennsku Árna Gunnarssonar og á yfirstandandi kjörtímabili í nefnd undir formennsku Péturs heitins Blöndal og síðar Þorsteins Sæmundssonar. Í nefndunum áttu sæti fulltrúar stjórnmalaflokka, vinnumarkaðarins og hagsmunaaðila, þar á meðal Landssambands eldri borgara, sem hefur tekið fullan þátt í endurskoðunarvinnunni með það að markmiði að ná fram í þágu umbjóðenda sinna umbótum á almannatryggingakerfinu og lífeyriskerfi eldri borgara. Nefndin skilaði skýrslu sinni í mars 2016 þar sem sérstakar áherslur ýmisra þáttakenda í nefndarstarfinu koma fram í sérstökum bókunum. Í bókun Landssambands eldri borgara með skýrslunni sagði m.a.:

„Landssamband eldri borgara tekur heilshugar undir það markmið endurskoðunarinnar að fækka bótaflokkum, einfalda kerfi almannatrygginga og gera það skiljanlegra fyrir notendur. Með þessum tillögum er verið að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbót í einn flokk ellilífeyris. Með því er framfærsluuppbótin, sem er félagslegur stuðningur, færð í flokk ellilífeyris. Þarna hafa verið afar mismunandi skerðingarákvæði m.a. 100% skerðing á framfærsluuppbót gagnvart öllum öðrum tekjum.

Lagt er til að skerðing á hinum nýja ellilífeyri verði 45% vegna annarra tekna og engin frítekjumörk. Við í Landssambandinu hefðum viljað sjá lægri skerðingarprósentu en 45% og höfum lagt fram tillögu um það og vitnað til þess að í nágrannlöndum okkar er skerðing vegna annarra tekna ýmist engin sbr. atvinnutekjur lífeyrisþega hjá Norðmönnum, eða 30% eftir frítekjumark atvinnutekna, eins og hjá Dönum. Við leggjum til að með batnandi efnahag landsins verði unnið að því að lækka skerðingarákvæði á lífeyrisgreiðslum í áföngum á næstu árum.

Tillögurnar gera einnig ráð fyrir að hækka lífeyristökualdur í 70 ár á 24 árum og það höfum við samþykkt. Jafnframt að starfsaldur og lífeyristaka verði sveigjanlegri m.a. að hægt verði að taka 50% lífeyri og stunda 50% vinnu. Þá taki hinn geymdi lífeyri hækkun mánaðarlega samkvæmt tryggingafræðilegu mati, allt að 80 ára aldri lífeyrisþegans. Einnig hefur því verið beint til samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda að hækka starfsaldur opinberra starfsmanna í 75 ár.

Í þeim útreikningum sem starfshópurinn hefur fengið bæði frá fulltrúa Tryggingarstofnunar og Talnakömmunar munu þær breytingar að sameina bótaflokkana og hafa 45% skerðingarhlutfall fyrir allar tekjur aðrar, leiða til hækkunar fyrir lífeyrisþega, nema þá sem hafa atvinnutekjur. Því leggjum við til að áfram verði í gildi frítekjumark hvað varðar þær tekjur. Með þessum breytingum sem lagðar eru til er verið að skapa hvata til meiri þátttöku lífeyrisþega á vinnumarkaði, bæði öryrkja og eldri borgara, ef heilsa og geta leyfir og sá hvati verður þá að vera fyrir hendi hvað varðar atvinnutekjur. Þá leggjum við til að endurskoðunarákvæði verði um þær breytingar sem gerðar verða á lögum um almannatryggingar í framhaldi af skýrslu starfshópsins. Sú endurskoðun færi fram eftir 3-5 ár.

Drög að því frumvarpi sem hér um ræðir var opið til umsagnar á vef Velferðarráðuneytisins fyrirpart sumars 2016. Í umsögn Landssambands eldri borgara til Velferðarráðuneytisins 29. júlí 2016 um frumvarpsdrögin voru efnisatriði í bókun Landssambands eldri borgara í skýrslu nefndarinnar rifjuð upp og síðan sagði:

„Landssamband eldri borgara telur afar mikilvægt að það frumvarp sem hér um ræðir sé lagt fram á Alþingi þegar þing kemur saman nú í ágúst og að Alþingi ljúki lögfestingu þess þannig að það taki gildi 1. janúar 2017, enda endurspeglast í frumvarpinu umræða síðustu ára um aðkallandi framfarir í málaflaknum, núverandi og framtíðar eldri borgurum til hagsbóta.

Á fundi sínum 22. ágúst sl. fjallaði stjórn Landssambands eldri borgara um drög að frumvarpinu og samþykkti eftirfarandi:

„Stjórn Landssambands eldri borgara itrekar að afar mikilvægt er að það frumvarp sem hér um ræðir verði lögfest og taki gildi 1. janúar 2017, enda endurspeglast í frumvarpinu umræða síðustu ára um aðkallandi framfarir í lífeyrismálum, núverandi og framtíðar eldri borgurum til hagsbóta.

Um árabíl hafa staðið yfir umræður um endurskoðun á lögum um almannatryggingar, skipan lífeyrismála og samspil á þeim vettvangi og hvernig bregðast skuli við nýjum áskorunum í þróun íslensks samfélags m.a. vegna aukins langlífis. Það frumvarp sem hér um ræðir er afrakstur þeirrar vinnu og þeirra málamiðlana sem hagsmunaaðilar gerðu með sér til að ná saman um þau skref sem frumvarpið felur í sér. Mikilvægustu breytingar til bóta fyrir eldri borgara verði frumvarpið að lögum 1. janúar 2017 eru:

- *Aukið fjármagn 2017 til lífeyris almannatrygginga aldraðra verður 5,000 - 5.500 mkr.*
- *Einn ellilífeyrir í stað þriggja bótaflokka gerir kerfið einfalt og skiljanlegt.*
- *Skerðing ellilífeyris, 45%, er óháð uppruna annarra tekna hins aldraða*
- *Núgildandi skerðing krónu á móti krónu er afnumin.*
- *Samspil lífeyris almannatrygginga og lífeyris úr lífeyrissjóðum er aukið.*
- *Sveigjanleiki og fjölgun valkosta varðandi hlutastarf og starfslok er aukinn.*

Í frumvarpinu (18. gr.) er veitt heimild til að útfæra og koma á tilraunaverkefni í samvinnu við hjúkrunarheimili um nýtt fyrirkomulag á greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Landssamband eldri borgara hefur barist fyrir afnámi núgildandi vasapeningakerfis þar sem hinn aldraði er í reynd sviptur fjárræði og telur löngu tímabært að breyta núverandi kerfi og útfæra nýtt kerfi þar sem mannréttinda og virðingar í garð hins aldraða er gætt.

Landssamband eldri borgara skorar á Alþingi að lögleiða frumvarpið frá 1. janúar 2017. Að öðrum kosti munu bætur almannatrygginga hækka um áramótin 2016/2017 um einhver prósent með núgildandi skerðingum og aldraðir verða af þeim 5,0-5,5 milljörðum króna sem áætlað er að komi í þeirra hlut með lögleiðingu frumvarpsins.

Reykjavík 13. september 2017
F.h. Landssambands eldri borgara
Haukur Ingibergsson, formaður



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. september 2016

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.f., 857. mál.

Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 8. september s.l., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) sent til umsagnar 857. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.).


Heilt á litið er þetta frumvarp til mikilla bóta á núverandi almannatryggingakerfi og má þar einkum nefna aukinn sveigjanleika í lífeyristöku og einföldun á regluverki almannatrygginga. Jafnframt er með frumvarpinu brugðist við þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir vegna hækkaðs hlutfalls eldri borgara og almennrar hækkunar á lífaldri.

Lífeyrissjóðir voru upphaflega stofnaðir sem önnur stoð lífeyrisréttinda, þ.e. á eftir fyrstu stoðinni sem var almannatryggingakerfið. Með frumvarpi þessu er grunnlífeyrir almannatrygginga aflagður og tekjutengingar miklar sem leiða til þess að almannatryggingar verða einkum fyrir þá sem eiga engin eða lítil réttindi í lífeyrissjóðum.

Núverandi almannatryggingakerfi hefur fengið mikla gagnrýni vegna tekjutenginga á greiðslum. Gengið hefur verið það langt í skerðingum að þær hafa náð því að vera „króna á móti krónu“. Aðilar sem hafa átt lítil réttindi í samtryggingarlífeyrissjóðum hafa af þessum sökum ekki séð ávinning af því að fá greitt frá lífeyrissjóðum. Rætt hefur verið um að ríkissjóður sé hér lífeyrisþeginn. Þegar almenna lífeyrissjóðakerfið var upphaflega stofnað af aðilum vinnumarkaðarins var því ætlað að vera viðbót á greiðslur almannatrygginga. Þróunin hefur hins vegar verið sú vegna tekjutenginga almannatrygginga að fjöldi lífeyrisþega ber lítið úr bítum og sér ekki ávinning af því að hafa lagt fyrir með greiðslum í lífeyrissjóð.

Með frumvarpinu er lagt til eitt hlutfall skerðingar vegna tekna. Það er skref í rétta átt en 45% skerðing er þó verulega há þegar litið er til nettó greiðslna eftir skattlagningu. Þetta há skerðingarhlutföll vegna lífeyrisgreiðslna og annarra tekna kunna að vera varasöm út frá stjórnskipunarvernd eignarréttinda og aflahæfis einstaklinga.

Ellilífeyrisgreiðslur frá lífeyrissjóðum hafa hækkað mikið á síðustu árum og að óbreyttu munu þær halda áfram að hækka. Stjórnvöld hafa því miður nýtt sér þessa þróun til hlutfallslegrar lækkunar á greiðslum. Á árinu 2014 greiddu lífeyrissjóðir u.þ.b. 76 milljarða í ellilífeyri en Tryggingastofnun ríkisins um 41 milljarð. Þessa þróun má glögg sjá á eftirfarandi mynd:



LL vilja benda á þessa sterku stöðu lífeyrissjóðanna í greiðslu ellilífeyris sem ber almennan tekjuskatt í ríkissjóð. Stjórnvöld ættu að nýta þessa stöðu til að draga enn frekar úr tekjutengingum almannatrygginga og þar með ýta undir hvata til vinnu og sparnaðar.

Í d. lið 12. gr. frumvarpsins er lagt til að ríki, sveitarfélög, samtök aðila vinnumarkaðarins og helstu hagsmunasamtök fólks með skerta starfsgetu standi sameiginlega að sérstöku samstarfsverkefni um starfsendurhæfingu, starfsgetumat og stuðning við atvinnuleit ásamt samspili þessara þátta við örorkulífeyri. **LL telja eðlilegt að samtökin eigi fulltrúa í þessari vinnu** þar sem hluti af lífeyrissjóðakerfinu er utan við svið kjarasamninga en starfsendurhæfingarsjóðir eru fjármagnaðir að hluta til með greiddum iðgjöldum.

Eins og fyrr greinir felur frumvarpið í sér nokkrar bætur á núverandi almannatryggingakerfi en LL leggja þó áherslu á að **tekjutengingar þess ganga of langt**. Því leggja LL til að skerðingarhlutfall vegna tekna verði lækkað eða sett fram áætlun um lækun þess á komandi árum.

LL vilja vekja athygli á því að samhliða þessum breytingum á almannatryggingum um sveigjanleika í lífeyristöku og hækkun almenns lífeyristökualdurs þarf að huga að breytingum á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og eftir atvikum breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 og lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda nr. 155/1998.

Að lokum vilja LL þakka fyrir að fá frumvarpið til umsagnar og vonast til að það verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Pórey S. Þórðardóttir

Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Velferðarnefnd Alþingis.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar (LP) um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (einföldun bóttakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál.

15. september 2016

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá ofangreint frumvarp sent til umsagnar og fagna endurskoðun og einföldun almannatryggingakerfisins sem er löngu tímabær og nauðsynleg.

Landssamtökin þroskahjálpar hafa sem heildarsamtök fatlaðs fólks tekið þátt í starfi nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins og hafa á þeim vettvangi og með bókun við skýrslu nefndarinnar komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Hestu athugasemdir samtakanna hafa snúið að aukinni tekjutengingu, sérstaklega vegna atvinnutekna með hærra skerðingarhlutfalli og afnámi frítekjumarks.

Í ljósi þess að það lagafrumvarp sem hér er til umfjöllunar og nú liggur fyrir Alþingi tekur einvörðungu til ellilífeyrisþega en ekki örorkulífeyris fatlaðs fólks telja samtökin ekki tilefni til að skila ítarlegri umsögn um frumvarpið. Samtökin vilja þó áréttta sérstaklega og koma eftirfarandi á framfæri varðandi frumvarpið.

Fyrirliggjandi frumvarp getur ekki nema að takmörkuðu leyti orðið fyrirmynd að breytingum á örorkulífeyrisbóttakerfinu. Í því sambandi hafa samtökin sérstaklega bent á þann augljósa og mikla annmarka á frumvarpinu að verði það að lögum með óbreyttum þeim ákvæðum sem það varða mun fólk með lágar atvinnutekjur fá lægri greiðslur í nýju almannatryggingakerfi en það fær samkvæmt núgildandi kerfi.

Tilraunir eins og þær sem er að finna í 12. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að við ákvæði til bráðabirgða í lögunum bætist nýr töluliður sem verði 22. töluliður bráðabirgðaákvæðisins og hafi áhrif gagnvart þeim lífeyrisþegum sem fá greiddan lífeyri við gildistöku laganna, duga að mati Landssamtakanna Þroskahjálpar engan veginn til að tryggja réttlæti gagnvart þeim einstaklingum sem í hlut eiga og munu síðar eiga í hlut og um leið hvata fyrir þá í nútíð og framtíð til þátttöku á atvinnumarkaði eftir getu, vilja og tækifærum hvers og eins.

Sú aðferð sem þar er kveðið á um leiðir til mismununar fólks, sem býr við sambærilegar aðstæður að því leyti sem þýðingu hefur í þessu sambandi, eftir því hvenær það hefur hefur töku lífeyris. Það er að mati samtakanna afar óréttlátt og hlýtur að vera mjög vafasamt að það standist jafnræðisreglu íslensks réttar. Umrædd ákvæði eru auk þess afar flókin og því ógagnsæ sem er í andstöðu við markmið um einföldun kerfisins og þeirrar augljósu kröfu sem hlýtur að vera um að þeir sem í hlut eiga geti vitað hver réttindi þeirra og staða er að þessu leyti.

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa margoft komið á framfæri þeirri skoðun sinni að megingtilgangur örorkulífeyris almannatrygginga sé að tryggja fólki með litlar eða engar tekjur mannsæmandi lífeyri auk þess sem kerfið á að hafa innbyggða hvata fyrir fólk til atvinnuþátttöku eftir getu hvers og eins og vilja samtökin áréttta þá skoðun hér og hvetja Alþingi til að gæta þess vel að almannatryggingakerfið og allar breytingar á því samræmist

þeim markmiðum vel. Í því sambandi skal einnig sérstaklega bent á að lífeyrir þeirra sem þurfa að byggja afkomu sína alfarið á honum mun ekki hækka samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi og þá er þar ekki kveðið á um neitt sem tryggir að markmið um að lífeyrir hækki til samræmis við lágmarkslaun náist, eins og endurskoðunarnefndin taldi eðlilegt.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Proskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Landssamtakanna Proskahjálpar.

Alþingi
Velferðarnefnd
150 Reykjavík



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 15. september 2016

Tilvísun: 2016091273GIÁ/--

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum.

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 9. september 2016, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (857. mál á 145. löggjafarþingi 2015-2016, þskj. 624).

Með frumvarpinu er lögð til breyting á bótakerfi almannatrygginga, sveigjanlegum starfslokum, hækkun líftökualdurs, auk þess sem lagt er til að komið verði á laggirnar tilraunaverkefni um breytingar á fyrirkomulagi um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar og hjúkrunarheimilum.

Persónuvernd gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

F.h. Persónuverndar

Gunnar Ingi Agustsson
Gunnar Ingi Agustsson



Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. september 2016
VEL2016090016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum. Þingskjal 1624-857. mál.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar óskar eftir að koma eftirfarandi athugasemdum að varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum.

Vakin er athygli á að með því að hækka rétt til ellilífeyris til 70 ára aldurs, eins og kveðið er á um í 2. gr. frumvarpsins, þá er einnig verið að lengja þann tíma sem einstaklingar geta þurft á fjárhagsaðstoð að halda frá sveitarfélagi. Slík framkvæmd mun því að öllum líkindum leiða til aukins kostnaðar fyrir sveitarfélögin og því brýnt framkvæmt sé kostnaðarmat um þann þátt.

Í 18. gr. frumvarpsins kemur fram nýtt bráðabirgðaákvæði í lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999, þar sem fram kemur að ráðherra muni fela sérstökum starfshópi að útfæra og koma á tilraunaverkefni í samvinnu við eitt eða fleiri hjúkrunarheimili um nýtt fyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram varðandi 18. gr. að í nýju fyrirkomulagi felist m.a. að íbúar á hjúkrunarheimilum greiði milliliðalaust fyrir almenna framfærslu sem þeir fá þar, þ.e. fyrir mat, þrif, þvott, tólmundastarf og húsaleigu. Um heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. lyf og aðra umönnun gildi hins vegar almennar reglur. Gert er ráð fyrir að fjárhæð húsaleigu taki mið af stærð og gæðum húsnæðisins en einnig af tekju- og eignastöðu einstaklinganna. Jafnframt er gert ráð fyrir að viðkomandi geti átt rétt á húsnæðisbótum.

Velferðarráðuneytið hefur þegar sent bréf til forstjóra og framkvæmdastjóra dvalar- og hjúkrunarheimila í því skyni að leita eftir áhugasömum aðilum til að taka þátt í tilraunaverkefninu.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar telur rétt í þessu samhengi að benda á þau tilfelli þar sem einstaklingar eiga ekki rétt á fullum ellilífeyri eða eiga engan rétt á ellilífeyri. Óljóst er hvernig farið verði með slík tilfelli en fjárhagsaðstoð hefur ekki verið veitt til einstaklinga sem dveljast á hjúkrunarheimilum enda er grunnþörfum einstaklingsins mætt þar. Fyrirséð er því að upp geti komið atvik þar sem upphæð greiðslna fyrir þjónustu á hjúkrunarheimili verði

hærrí en sem nemi upphæð lífeyrisgreiðslna. Sé gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga í þeim tilvikum verður skýrt kostnaðarmat hvað varðar þann þátt að liggja fyrir.

Sérstaklega er vakin athygli á þeim tilfellum þar sem foreldrar erlendra einstaklinga með dvalarleyfi á Íslandi hafa komið til landsins á grundvelli fjölskyldusameiningar skv. útlendingalögum. Við umsóknir um dvalarleyfi eða framlengingu dvalarleyfis hefur viðkomandi sýnt fram á að framfærsla hans sé trygg eða sýnt hefur verið fram á að fjölskyldumeðlimur hafi nægar tekjur til að framfleyta viðkomandi, sbr. 11. gr. og 13. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002. Í þessum tilfellum er oftast um að ræða aldrað fólk sem á lítinn eða engan rétt til aðstoðar samkvæmt lögum um almannatryggingar og leitar því eftir framfærslu frá sveitarfélagi þegar framfærsla þeirra bregst af hálfu fjölskyldunnar. Umræddir einstaklingar eiga ekki rétt á ellilífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 þar sem þeir hafa ekki verið búsettir hér á landi a.m.k. þrjú almanaksár frá 16 til 67 ára aldurs (frá 18 til 70 ára miðað við fyrirliggjandi frumvarp). Ef einstaklingur án lífeyris flyst á hjúkrunarheimili á hann að sama skapi ekki rétt á vasapeningum sem greiddir eru lífeyrisþegum í stað lífeyris, eftir flutning á hjúkrunarheimili, sbr. 8. mgr. 48. gr. sömu laga.

Í nýlegum úrskurði frá úrskurðarnefnd velferðarmála var fjallað um mál einstaklings sem hafði fengið dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar en sótti í kjölfar þess um fjárhagsaðstoð til framfærslu frá Reykjavíkurborg þar sem viðkomandi átti ekki rétt til ellilífeyris frá Tryggingastofnun. Við flutning viðkomandi á hjúkrunarheimili átti hann því ekki heldur rétt til greiðslu vasapeninga frá Tryggingastofnun. Synjaði sveitarfélagið um greiðslu fjárhagsaðstoðar að samsvarandi fjárhæð og vasapeningar frá Tryggingastofnun. Úrskurðarnefnd vísaði þeirri ákvörðun til nýrrar meðferðar hjá sveitarfélaginu og er málið nú til meðferðar þar á ný. Búast má við að sambærilegum komi til með að fjölga í framtíðinni þar sem fjölskyldusameiningum fer fjölgandi.

Komi framangreint bráðabirgðaákvæði til framkvæmda er ljóst að einstaklingar sem eru í þessari stöðu munu ekki hafa ellilífeyri til þess að framfleyta sér en sveitarfélög veita ekki fjárhagsaðstoð inn á hjúkrunarheimili.

Þá verður einnig að skoða hvort framangreint bráðabirgðaákvæði feli í sér að velferðarsvið Reykjavíkurborgar verði krafið um að veita áfram tiltekna þjónustu, sem veitt hefur verið einstaklingum að kostnaðarlausu inn á heimili þeirra, eftir að þeir flytjist inn á hjúkrunarheimili þar sem greiða verður fyrir slíka þjónustu.

Í athugasemdum með frumvarpinu við umrætt bráðabirgðaákvæði kemur fram að gert sé ráð fyrir því að viðkomandi geti átt rétt á húsnæðisbótum. Í því samhengi er því nauðsynlegt að skoða hvort einstaklingar geti átt rétt á sérstökum húsnæðisstuðningi sem sveitarfélögum verður skylt að veita frá 1. janúar nk. en slíkt mun þá einnig fela í sér aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar ítrekar að nauðsynlegt er að frumvarpið sé skoðað með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem rakin eru hér að framan og framkvæmt verði kostnaðarmat sem taki mið af þeim áhrifum sem breytingarnar geti haft á sveitarfélögin.

Þá tekur velferðarsvið undir þær athugasemdir sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vakin er athygli á því að umsagnarbeiðni um frumvarp þetta var ekki send til Reykjavíkurborgar og því áskilur velferðarsvið Reykjavíkurborgar sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,

Kristín Ösp Jónsdóttir

Kristín Ösp Jónsdóttir,
lögfræðingur



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 16. september 2016

1609032SA GB/TP
Málalykill: 00.63

Efni: Breytingar á almannatryggingakerfinu - 857. mál 145. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 8. september sl., þar sem óskað var eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint þingmál.

Almennt

Sambandið átti fulltrúa í nefnd þeirri sem fjallaði um breytingar á almannatryggingakerfinu, sbr. skýrslu er skilað var til félags- og húsnæðismálaráðherra í byrjun mars sl.

Eins og fram kemur í bókun dags. 8. febrúar sl. (sjá meðf.) voru fulltrúar sambandsins sammála tillögum um breytt bótakerfi, hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleg starfslok. Á hinn bóginn var gerður fyrirvari við skýrsluna varðandi tillögu um þrepaskiptingu í starfsgetumati. Þá kallaði sambandið eindregið eftir úrlausn fyrir þá einstaklinga sem ekki munu öðlast full réttindi í almannatryggingakerfinu vegna búsetu í öðru landi.

Í fyrirleggjandi frumvarpi eru settar fram tillögur um breytt bótakerfi, hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleg starfslok. Sambandið er sammála þessum tillögum en telur mjög miður að hvorki skuli reynt að stíga einhver skref í átt til innleiðingar á starfsgetumati í almannatryggingakerfinu né gerð tilraun til að leysa úr vanda þess ört stækkandi hóps fólks sem sætir búsetuskerðingum hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Þrátt fyrir að skammur tími sé til stefnu er velferðarnefnd eindregið hvött til þess að nýta tækifærið og skapa farveg til þess í lögum að unnið sé að þessum mikilvægu verkefnum, enda þótt skiptar skoðanir séu um aðferðafræði við breytingarnar. Í því efni leggur sambandið áherslu á tvennt:

1. Að starfsgetumat í almannatryggingakerfinu verði til framtíðar í fleiri þrepum en þeim sem tillögur í áðurnefndri skýrslu gerðu ráð fyrir og þannig að við ákvörðun bótaréttar verði tekið tillit til starfsgetu sem er metin 51% eða meiri. Mögulega mætti afgreiða fyrirleggjandi frumvarp með ákvæði til bráðabirgða um að innan árs skuli leggja fyrir Alþingi frumvarp um þrepaskipta innleiðingu starfsgetumats í almannatryggingakerfinu.
2. Að tilteknum aðila innan stjórnarsýslunnar verði falin tillögugerð til lausnar á vanda þeirra einstaklinga sem búa við skertan rétt í almannatryggingakerfinu vegna búsetu í öðru landi. Sambandið hefur nefnt að velferðarvakt velferðarráðuneytisins verði falið að ræða þau álitaefni sem hér er við að eiga, á breiðum grundvelli, og eftir atvikum móta tillögur sem tryggja ákveðin lágmarksrétt.



Athugasemdir við einstakar greinar

Af hálfu sambandsins eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við einstakar greinar:

9. gr. (viðbót við 2. mgr. 53. gr):

Sú hættu hefur legið fyrir um langt skeið að um tvígreiðslu bóta sé að ræða, þ.e. að endurhæfingarlífeyrir (og mögulega aðrar greiðslur) komi frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) fyrir sama tímabil og fjárhagsaðstoð er greidd hjá hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Sveitarfélögin hafa lagt þunga áherslu á umbætur í samspili milli ólíkra framfærslukerfa hins opinbera. Víða eru óljós skil til staðar og skortur á samhæfingu sem leiðir til svokallaðra grárra svæða. Vaxandi skilningur er hins vegar á þýðingu þess að fækka þessum gráum svæðum í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Unnið er að því verkefni samkvæmt samkomulagi sem gert hefur verið á grundvelli 11. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Aðilar samkomulagsins eru annars vegar fjármála- og efnahagsráðherra og innanríkisráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar. Mikilvægt er einnig að löggjafinn sýni vilja sinn í verki og taki á þeim málum sem þar sem fyrir liggur greining á þörf fyrir lagabreytingar.

Velferðarráðuneytið setti á sínum tíma á fót verkefni um kortlagningu og greiningu á möguleikum þess að samnýta betur upplýsingar stofnana í því augnamíði að auka skilvirkni og varna misnotkun við ákvörðun greiðslna og réttinda (ívilnana) til einstaklinga. Í skýrslu sem skilað var til ráðuneytisins um niðurstöðu verkefnisins (maí 2014) er kallað eftir breytingu á almannatryggingalögum sem tryggi rétt sveitarfélaga til endurgreiðslu fjárhagsaðstoðar sem veitt er á biðtíma eftir lífeyri frá TR (liður 1.23.2).

Við breytingar á almannatryggingalögum sem gerðar voru vorið 2015 (322. mál 144. löggjafarþings) lagði sambandið til að lögin myndu mæla fyrir um endurgreiðslurétt sveitarfélaga. Tillagan hlaut nokkra umræðu en náði ekki fram að ganga.

Jafnræðis- og sanngirnissrök mæla með því að komið sé í veg fyrir tvígreiðslur og að sveitarfélög fái fjárhagsaðstoðina endurgreidda með skilvirkum hætti. Af þeirri ástæðu fer sambandið fram á að ný málsgrein komi inn í 9. gr. frumvarpsdraganna sem verði 5. mgr. 53. gr., svohljóðandi:

Njóti umsækjandi um bætur hjá Tryggingastofnun fjárhagsaðstoðar hjá lögheimilissveitarfélagi á meðan umsókn hans er til meðferðar hjá stofnuninni skal stofnunin endurgreiða viðkomandi sveitarfélagi þá fjárhæð við fyrstu greiðslu bóta til umsækjanda.

18. gr. (nýtt bráðabirgðaákvæði við lög um félagslega aðstoð)

Sambandið tekur þátt í því tilraunaverkefni sem tillagan mælir fyrir um. Sambandið styður bráðabirgðaákvæðið en telur að bæta þurfi inn í það betri lagastoð fyrir umræddu fyrirkomulagi, þ.e. að notandi greiði milliliðalaust annars vegar húsaleigu og hins vegar vegna framfærslu (matur o.fl).

Sé dvalar- eða hjúkrunarheimili rekið af sveitarfélagi myndu þessar greiðslur væntanlega falla í flokk þjónustugjalda. Samkvæmt lögætisreglu íslensks stjórnisýsluréttar þarf innheimta þjónustugjalda að styðjast við viðhlítandi lagaheimild. Því er lagt til að við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:



Hjúkrunar- og dvalarheimilum sem rekin er af opinberum aðilum, og taka þátt í verkefningu, er heimilt að innheimta þau gjöld sem nýtt fyrirkomulag á greiðsluþátttöku kalla á, enda liggi fyrir samningur þar að lútandi við hlutaðeigandi íbúa.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögræði- og velferðarsviðs

Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

Fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg fengu aðild að nefndinni í mars 2014 og hafa síðan starfað með henni að gerð skýrslunnar.

Sambandið er sammála tillögum um breytt bótakerfi, hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleg starfslok. Þá tekur sambandið undir niðurstöður skýrslunnar um: (1) víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða, (2) nauðsyn þess að í lögum verði kveðið sérstaklega á um samráð við notendur þegar kemur að ákvörðunum um starfsgetu í almannatryggingum og (3) mikilvægi þess að umsýsla verði skilvirkari og biðtíminn stytur þar til niðurstaða liggur fyrir um bótarétt þannig að ekki myndist rof í greiðslum.

Sambandið telur á hinn bóginn að tillaga um þrepaskiptingu í starfsgetumati gangi ekki nógu langt. Til framtíðar eigi stefnan þannig að vera sú að sé starfsgeta metin til meira en helmingis (t.d. 51 - 70%) virkji það rétt til bóta almannatrygginga með hliðstæðum hætti og nú gildir um örorkustyrk. Án þessa viðbótarþreps er viðbúið að fjölga muni í þeim hópi sem óskar eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi enda liggur fyrir að framboð og aðgengi að hlutastörfum er misjafnt eftir landshlutum, árstímum og öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Af þeirri ástæðu mun verða kallað eftir því - við innleiðingu á nýju starfsgetumati - að áhrif þess á fjárhag og stjórnýslu sveitarfélaga verði greind með formlegum hætti.

Sambandið mun jafnframt kalla eftir því að áfram verði unnið að úrlausn þeirra einstaklinga sem ekki munu öðlast full réttindi í almannatryggingakerfinu vegna búsetu í öðru landi, sbr. 6. lið í niðurstöðum nefndarinnar. Hér er m.a. vísað til þeirra erlendu ríkisborgara sem ríkið veitir dvalarleyfi en núverandi fyrirkomulag ýtir þeim hópi yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í mörgum tilvikum festast þessir einstaklingar inni á fjárhagsaðstoð til langframa, enda hafa sveitarfélögin lítil tækni á því að sannreyna hvort og þá hvaða réttindi viðkomandi eigi annars staðar. Sú staða er óviðunandi fyrir alla hlutaðeigandi auk þess sem óeðlilegt er að annað stjórnýslustigið skerði einstaklingsbundin réttindi til þess eins að auka útgjöld hins stjórnýslustigsins.

Reykjavík, 8. febrúar 2016

Gyða Hjartardóttir
Tryggvi Þórhallsson



Alþingi
nefndarsvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. september 2016


Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl., (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.), 857. mál

Vísað er til tölvupósts frá velferðarráðuneytinu dags. 8. september sl. þar sem Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu (hér eftir nefnt „SFV“) er gefinn kostur á umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar o.fl. Meginefni frumvarpsins eru ákvæði sem kveða á um breytingar á bótakerfi almannatrygginga, ákvæði er varða sveigjanleg starfslok og hækkun á lífeyristökualdri, sem og tillaga um að komið verði á laggirnar tilraunaverkefni um breytingar á fyrirkomulagi um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar – og hjúkrunarheimilum. Gert er ráð fyrir að lagabreytingin taki gildi 1. janúar 2017, en einstaka ákvæði taki þó gildi síðar.

SFV fagnar allri viðleitni Alþingis, sem og stjórnvalda almennt, til að stuðla að auknum sjálfsákvörðunarrétti aldraðra. Telja SFV þær breytingar sem lagðar eru til í umræddu frumvarpi því almennt séð jákvæðar. Þá telur SFV mjög mikilvægt að ofangreindu tilraunaverkefni um breytingar á fyrirkomulagi um greiðsluþátttöku íbúa á dvalar – og hjúkrunarheimilum verði hrundið í framkvæmd. Er Alþingi því hvatt til að ljúka vinnu við frumvarpið sem allra fyrst svo það verði að lögum á þessu þingi.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu


Eybjörg H. Hauksdóttir lögfr.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 18. september 2016

Efni: Frumvarp tii laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bóttakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.) – Þingskjal 1624 – 857. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 8. september 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að það feli í sér breyttan stuðning við aldraða með áherslu á einfaldara regluverk á sviði almannatrygginga og meiri sveigjanleika við starfslok og upphaf lífeyristöku. Skapaður sé hvati til áframhaldandi atvinnuþátttöku eftir vilja og getu hvers og eins. Þá verði lífeyristökualdur hækkaður í skrefum um þrjú ár yfir 24 ára tímabil.

1. Einföldun lífeyriskerfisins.

Tryggingastofnun fagnar þeim breytingum á grunnvirkni lífeyriskerfisins sem lagðar eru til í frumvarpinu, þær munu þegar til lengri tíma er litið einfalda framkvæmd lífeyristrygginga og gera lífeyrisþegum auðveldara um vik að átta sig á rétti sínum.

a. Tekjur jafngildar.

Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir að allar tekjur sem áhrif hafa á upphæð lífeyris verði meðhöndlaðar á sama hátt við réttindaákvörðun. Hér er um afar mikilvæga breytingu að ræða, til einföldunar og gagnsæis. Jafnvel mætti segja að með breytingunni yrði afnumið ákveðið brot á jafnræði lífeyrisþega sem viðgengst í því kerfi sem við nú búum við. Með breytingunni yrðu allir lífeyrisþegar sem hafa sömu heildartekjur þeirra tekna sem áhrif hafa á lífeyrisgreiðslur jafnsettir gagnvart réttindakerfinu. Í núgildandi kerfi skiptir máli hvaðan tekjurnar koma, hvort um er að ræða atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Sá lífeyrisþegi sem hefur samsettar tekjur úr öllum þessum tekjutegundum er í gildandi kerfi líklegri til að fá hærri lífeyri frá Tryggingastofnun en sá sem hefur sömu heildartekjur, en af tvennum toga eða jafnvel einungis einum.

b. Fækkun bótaflokka.

Þá er bótaflokkum fækkað með því að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og lágmarksframfærslutryggingu félagslegrar aðstoðar í einn bótaflokk, ellilífeyri. Augljóst er að



slík fækkun bótaflokka mun einfalda réttindakerfið til muna. Þessi breyting mun auk einföldunarinnar einnig uppræta alvarlegan galla í núgildandi réttindakerfi, jaðaráhrif sem kölluð hafa verið „fall á krónunni“. Við tiltekin skilyrði, eða þegar grunnlífeyrir fellur að fullu niður vegna atvinnutekna eða fjármagnstekna hefur króna til viðbótar í tekjur haft þau áhrif að réttur til tekjutryggingar og eftir atvikum heimilisuppbótar búi lífeyrisþegi einn fellur niður. Hrun lífeyristekna vegna þessa er um 70 þús. kr. á mánuði hjá þeim sem búa einir. Það er dýr króna fyrir lífeyrisþegann í kauphækkun og algerlega óásættanleg virkni í réttindakerfinu. Þessari breytingu frumvarpsins er því sérstaklega fagnað.

c. Einfaldari tekjutenging.

Einföld tekjutenging milli heildartekna og réttinda yfir allan tekjuskalann gerir kerfið einnig einfaldara bæði fyrir framkvæmdaraðilann og lífeyrisþegann, Hér er ekki tekin afstaða til þess hvert þetta samband ætti vera eða hvernig slík ákvörðun mæti kröfum samfélagsins og markmiðum almannatryggingalaganna um virkni lífeyriskerfisins. Reyndar er í frumvarpinu um tvær prósentutölur að ræða. Hjá þeim sem eru í sambúð hækkar lífeyrir um 45% af lækkun tekna en hjá þeim sem búa ein og eiga því rétt á heimilisuppbót, er hækkunin 52,5%. Augljóslega þarf þessi tenging lífeyris og tekna að vera meiri hjá þeim sem búa einir þar sem þau eiga rétt til heimilisuppbótar sem rétt og eðlilegt þykir að falli niður við sömu tekjur og ellilífeyrinn, eða við 473 þús.kr. Óeðlilegt væri að lífeyrisþegi fengi uppbót á lífeyri hafi hann ekki lífeyrinn sjálfan. Aftur á móti má velta fyrir sér hvort ekki sé ástæða til þess að fella heimilisuppbótina niður, e.t.v. í áföngum. Enda verði litið þannig á að ellilífeyririnn sé ígildi launa og eigi, með öðrum tekjum lífeyrisþegans, að nægja til þess að hann geti framfleytt sér og lifað sjálfstæðu lífi, eins og segir í markmiðsgrein laganna. Niðurfelling heimilisuppbótar og þá hækkun ellilífeyris til samræmis myndi ekki einvörðungu einfalda réttindakerfið og laga lífeyri að almennu launakerfi landsmanna, heldur myndi hún gera alla framkvæmd laganna mun einfaldari.

2. Aukinn sveigjanleiki við töku lífeyris.

a. Frestun og snemmtaka ellilífeyris.

Lagt er til að heimilað verði að fresta lífeyristöku lengur en nú er gert, til 80 ára í stað 72 ára aldurs, með varanlegri hækkun lífeyris. Þá er einnig lagt til það nýmæli að heimilað verði að flýta töku lífeyris með varanlegum áhrifum til lækkunar allt að tveimur árum miðað við núverandi lífeyristökualdur en lengur eftir því sem lífeyristökualdur hækkar í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Ljóst er að þessar breytingar einfalda ekki lífeyriskerfið enda er sá ekki tilgangurinn. Afar mikilvægt er að lífeyrisþegar taki vel upplýsta ákvörðun um upphaf töku lífeyris svo þeir geti nýtt þau tækifæri sem í þessum breytingum eru fólgnar. Tryggingastofnun leggur því áherslu á að geta tryggt nægjanlega einstaklingsbundna upplýsingagjöf til umsækjenda og að þeir fái umbóttunartíma til að meta upplýsingarnar áður en þeir taka sína ákvörðun um upphaf töku lífeyris. Þá þarf að skýra samband örorkulífeyris og ellilífeyris frá 65 ára aldri lífeyrisþegans til almenns lífeyristökualdurs.

b. Hálfur ellilífeyrir.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að heimilt verði að taka hálfan ellilífeyri og samtímis hálfan lífeyri frá lífeyrissjóði með áhrifum til hækkunar á hinum helmingnum og án þess að tekjur



hafi áhrif á greiðslur. Útfærsla þessarar heimildar liggur ekki fyrir en ljóst er þó að hún gæti breytt lífeyriskerfinu verulega og samspili þess við tekjur lífeyrisþega hjá þeim sem tók hefðu á að nýta sér ákvæðið. Einstaklingar með umtalsverðar atvinnutekjur og/eða fjármagnstekjur gætu t.d. með þessu ákvæði öðlast rétt til greiðslna úr almannatryggingakerfinu. Einhverjir gætu samkvæmt þessu ákvæði jafnvel átt rétt á hærri greiðslum lífeyris en þeir ættu rétt til tækju þeir fullan lífeyri. Frumvarpstexti þessa ákvæðis er afar opin og án fyrirhugaðra reglna lífeyrissjóðanna eða frekari útfærslu þess er erfitt að segja til hlítar til um hvaða áhrif það kynni að hafa á réttindi lífeyrisþega eða gerð lífeyriskerfisins. Þá er ekki ljóst hverjir myndu geta nýtt sér það, t.d. hvort það muni taka til allra lífeyrisþega eða einvörðungu þeirra sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þess eða jafnvel einungis til þeirra sem hefja töku lífeyris við almennan lífeyristökualdur við gildistöku þess.

Huga þarf vel að því hvernig nýjungar í sveigjanlegri lífeyristöku og töku háls lífeyris muni falla að töku örorkulífeyris.

3. „Króna á móti krónu“ fellt út.

Hér er ekki tekin afstaða til þess hvort breytt lífeyriskerfi falli betur að markmiðsákvæði almannatryggingalaganna og *stuðli* þannig betur en núgildandi kerfi *á því að þeir sem lögin taka til geti framfleytt sér og lifað sjálfstæðu lífi*. Ljóst er þó að tilteknum hópum verður gert kleyft að nýta sér margvísleg úrræði til hækkunar lífeyris. Með því að fella lágmarksframfærslutryggingu félagslegrar aðstoðar inn í ellilífeyrinn, með 45% eða eftir atvikum 52.5% tekjutengingu, þá vænkast líka hagur þeirra sem hefur verulega lágur heildartekjur og hafa samkvæmt núgildandi reglum rétt til lágmarksframfærslunnar. Tekjutenging lágmarksframfærslunnar í núgildandi kerfi, sem er uppbótarflokkur með lágmarksviðmiði eða nokkurskonar gólf í réttindakerfinu fellur um krónu á móti hverri krónu í hækkuðum tekjum, líkt og tíðkast með slíkar lágmarksviðmiðanir.

Með frumvarpinu eru þannig lagðar til margvíslegar einfaldanir á réttindakerfi almannatrygginga. Samhliða eru lagðar til breytingar sem munu augljóslega flækja kerfið og gera verulega aukna kröfu til umfangmikillar einstaklingsbundinnar leiðsagnar og upplýsingagjafar Tryggingastofnunar svo lífeyrisþegar geti tekið af yfirvegun sínar ákvarðanir um lífeyristöku.

4. Samanburðarákvæði.

Í frumvarpinu eru ákvæði um flutning úr núgildandi kerfi í nýtt kerfi sem mikilvægt er að fara vel yfir m.a. m.t.t. jafnræðis borgaranna.

Allir sem hafa náð 67 ára aldri við gildistöku laganna og hafa sótt um töku lífeyris fá notið samanburðareglu milli kerfanna. Fá að hluta eða öllu leyti greiddan mismun á réttindum samkvæmt nýju og gömlu kerfi í þeim tilfellum sem gamla kerfið gæfi betri rétt. Um átta þúsund manns sem nú eru eldri en 67 ára hafa ekki sótt um lífeyri frá Tryggingastofnun og munu því ekki njóta hugsanlegs ávinnings þessarar samanburðareglu kæmu þeir sem nýir umsækjendur inn í kerfið eftir gildistöku laganna. Mikilvægt er að hafa hraðar hendur og



koma upp einstaklingsbundinni þjónustu við þessa einstaklinga hjá Tryggingastofnun svo þeir geti notið til fulls réttinda sinna. Í einhverjum tilvikum mun ekki skapast réttur hjá þeim og í einhverjum tilvikum gæti borgað sig fyrir þau að draga enn að sækja um lífeyri til þess að njóta hækkunar vegna frestunar töku lífeyris, en mikilvægt er að veita þeim tækifæri til innkomu í kerfið fyrir gildistöku þess bæti það rétt þeirra til lífeyris.

Samanburðarákvæðið mun ekki taka til þeirra sem hafa ekki aldur til að fá lífeyri við gildistöku laganna. Mikilvægt er að skoða gaumgæfilega réttarstöðu þeirra og jafnræði ellilífeyrisþega vegna þessa ákvæðis.

5. Áhrif á endurreikning og uppgjör.

Afnám lágmarksframfærslutryggingarinnar og þá um leið „krónu á móti krónu“ tekjutengingarinnar ætti að lækka upphæðir frávíka við endurreikning og uppgjör á lífeyrisgreiðslum. Á móti kemur að með niðurfellingu frítekjumarka mun að öllum líkindum fjölga í hópi þeirra sem eiga inneignir eða fá kröfur að loknu uppgjóri. Þrátt fyrir aukið samtímaeftirlit Tryggingastofnunar og aukna aðstoð stofnunarinnar við lífeyrisþega við gerð tekjuáætlana verður aldrei hægt að koma í veg fyrir einhver frávik áætlunar og tekna. Í nýju kerfi munu allar breytingar á tekjum hafa áhrif til breytinga á réttindum, hækka þau eða lækka um 45% eða 52,5% af mun á áætluðum tekjum og rauntekjum. Einnig hjá þeim sem lægstar tekjurnar hafa.

Af ofanrituðu er ljóst að þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar, sumar hverjar til einföldunar, mun nýtt kerfi kalla á varanlega aukna starfsemi af hálfu Tryggingastofnunar. Mikilvægt er að Tryggingastofnun verði gert kleyft að útskýra og upplýsa viðskiptavinum um virkni nýs lífeyriskerfis.

Ellilífeyrisþegahópurinn er stærsti viðskiptavinahópur Tryggingastofnunar eða um 32.500 manns. Þessi hópur þarf góða upplýsingagjöf og leiðsögn um nýtt kerfi þegar það tekur gildi. Eins og að framan segir þá getur lagabreytingin haft áhrif á réttindi þeirra átta þúsund einstaklinga sem eru orðin 67 ára en hafa ekki sótt um lífeyri. Því er nauðsynlegt að skipuleggja almenna upplýsingagjöf samhliða þeirri fræðslu sem veita þarf ellilífeyrisþegunum. Kerfisbreytinguna þarf því að kynna í fjölmiðlum og á kynningarfundum á landsvísu.

Samanburður á réttindum í núgildandi kerfi og nýju kallar á aukið utanumhald hjá stofnuninni. Það mun leiðsögn og úrvinnsla vegna ákvæðis um frestun á töku lífeyris eða snemmtöku lífeyris einnig gera. Ákvæði um greiðslu háls lífeyris, þegar það tæki gildi um áramót 2018 krefst einnig aukins utanumhalds og leiðsagna af hálfu Tryggingastofnunar. Vegna þessa er nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum við ákvarðanatöku réttinda, endurreikning, kynningu og leiðsögn á meðan á innleiðingu lagabreytinganna stendur og varanlega vegna aukinna umsvifa.



Kostnaður vegna breytinga á kerfum Tryggingastofnunar og aukinnar starfsemi við innleiðingu nýs réttindakerfis ellilífeyris er metinn vera 26 m.kr. árið 2016 og 46 m.kr. á árinu 2017. Varanlegur kostnaður Tryggingastofnunar vegna breytinganna; samanburður kerfa, aukin umsýsla, leiðsögn og upplýsingagjöf í breyttu kerfi er metinn vera um 20 m.kr. Óskað er eftir breytingum á kostnaðarmati frumvarpsins, þessu til samræmis.

Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við tilteknar greinar frumvarpsins:

Athugasemdir við 2. gr. frumvarpsins:

Tryggingastofnun telur mikilvægt að samspilið á milli örorku- og ellilífeyris verði skýrt. Þegar ellilífeyrisaldur hækkar þarf að gæta vel að samfellu í greiðslum lífeyris til þeirra öryrkja sem hafa örorkumat fram að núgildandi ellilífeyrisaldri og heimila breytingar á réttindum þeirra til samræmis við það. Þá þarf að skýra samspilið milli örorkulífeyris og ellilífeyris á aldursbilinu frá 65 ára aldri, þegar heimilt verður að hefja töku ellilífeyris til almenns lífeyristökualdurs, sem mun fara hækkandi þar til hann er orðinn 70 ár. Fyrirsjáanlegt er að einstaklingar á þessu aldursbili geti öðlast rétt til töku örorkulífeyris vegna heilsubrests. Ekki liggur ljóst fyrir hvaða afleiðingar snemmtaka lífeyris myndi hafa á örorkulífeyrisgreiðslur og síðar á ellilífeyrisgreiðslur þegar lífeyristökualdri ellilífeyris væri náð. Þá þarf að skoða til hlítar rétt lífeyrisþega til að flytja sig frá snemmtöku lífeyris yfir í töku hálf lífeyris og lífeyrissjóðsgreiðslna. Æskilegt væri að hafa ákvæði er tæki á þessum tilvikum og öðrum sem upp gætu komið við flutning á milli greiðsluforma í nýju réttindakerfi.

Í 3. mgr. greinarinnar segir afdráttarlaust að heimild til hækkunar lífeyris sé bundin því skilyrði að viðkomandi hafi hvorki lagt inn umsókn né fengið greiddan ellilífeyri frá almannatryggingum. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu kemur hins vegar fram að mikilvægt sé að heimilt verði að draga til baka umsókn um ellilífeyri innan tiltekins tíma án þess að það hafi áhrif á rétt til hækkunar vegna frestunar, hafi greiðsla ellilífeyris ekki hafist. Athugasemdin er í ósamræmi við frumvarpstextann. Tryggingastofnun telur eðlilegt og sanngjarnt að umsækjanda sé gert mögulegt að draga umsókn sína til baka innan tilskilins fresta t.d. innan 30 daga án þess að það hafi áhrif á heimildina til hækkunar lífeyris, svo tryggja megi að lífeyrisþegi hafi tekið upplýsta ákvörðun um réttindi sín. Hafi greiðsla lífeyris átt sér stað væri endurgreiðsla gerð forsenda afturköllunar. Tryggingastofnun telur því að breyta eigi orðalagi ákvæðisins þannig að skýrt sé kveðið á um það í lögnum sjálfum að hægt sé að draga umsókn til baka innan tiltekins frests án þess að það hafi áhrif á heimild til hækkunar lífeyris síðar meir.

Athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins:

Varðandi hálfan lífeyrir er ljóst af lagagreininni að tekjur skuli ekki hafa áhrif á þær greiðslur. Orðalagið í athugasemdum með frumvarpinu getur þó valdið vafa um hvort þar er átt við allar tekjur eða aðrar tekjur en um er fjallað í lagagreininni, þ.e. aðrar tekjur en lífeyrissjóðstekjur. Ákvæðið þarf að vera skýrt að þessu leyti. Þá vill Tryggingastofnun benda á að hugsanlega sé ekki tímabært að setja þetta ákvæði inn í löginn fyrr en lagaheimildir lífeyrissjóðanna liggja fyrir og er þar vísað til athugasemda við 2.gr. frumvarpsins. Fyrr er ekki hægt að sjá fyrir



réttaráhrif greinarinnar og þá liggur ekki ljóst fyrir hverjir myndu öðlast rétt til töku hálfis lífeyris.

Athugasemdir varðandi 9. gr. frumvarpsins:

Breytingin sem lögð er til hér, þ.e. heimild á greiðslu til fjárhaldsmanns og umboðsmanns, er ekki í samræmi við núverandi framkvæmd og öryggi í greiðsluframkvæmd. Tryggingastofnun hefur lagt á það áherslu að greiðslur fari ávallt inn á reikning viðskiptamanns nema þegar um dánarbú er að ræða. Ef svo er ekki skapar það hættu á að greiðslur skili sér ekki til lífeyrisþegans t.d. ef umboð er afturkallað eða skipaður fjárhaldsmaður hættir því starfi.

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins:

Samanburðarregla frumvarpsins mun geta gert framkvæmd útreikninga lífeyris ógegnsæja og ófyrirsjáanlega fyrir lífeyrisþega og þannig unnið gegn markmiðum lagabreytinganna um einföldun. Þá er kveðið á um að samanburðarreglan skuli eingöngu gilda um þann hóp sem hefur hafið töku lífeyris fyrir gildistöku laganna. Hún er þannig ólík öðrum samanburðarreglum sem eru og hafa verið í gildi við ákvörðun réttinda hjá Tryggingastofnun og mun geta haft í för með sér mismunandi réttarstöðu einstaklinga á forsendum sem vafi er á að séu málefnalegar. Því er gerð athugasemd við að samanburðarreglan skuli vera ótímabundin. Ef vilji er til að gildistaka slíka samanburðarreglu er lagt til að það sé einungis til skamms tíma og að honum loknum gildi reglur nýja kerfisins gagnvart öllum ellilífeyrisþegum. Almennt tíðkast að notast við lagaskilareglur þegar regluverki er breytt og eðlilegt má telja að þannig sé að verki staðið hér, ekki síst þegar markmið lagabreytinganna er einföldun kerfisins.

Að lokum er rétt að vekja athygli á að í síðustu tveim málsliðum 22. töluliðar greinarinnar koma fram fjárhæðir sem hafa áhrif á réttindi einstaklinga samkvæmt samanburðarreglunni, ekki er ljóst hvort þær fjárhæðir skuli taka breytingum í samræmi við vísitölu.

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins:

Í núgildandi 8. gr. laga um félagslega aðstoð lækkar réttur til heimilisuppbótar í samræmi við búsetuhlutfall, þar sem greiðslur lækka eftir sömu reglum og tekjutrygging. Í þessum tillögum er ekki hægt að sjá að gert sé ráð fyrir að búsetuhlutfall hafi áhrif á rétt ellilífeyrisþega til heimilisuppbótar. Hér er því um grundvallarbreytingu að ræða sem ekki er reifuð í athugasemdum við frumvarpið. Rétt er að vekja sérstaklega athygli á að miðað við tillögurnar hefur búsetuhlutfall áfram áhrif á rétt örorkulífeyrisþega til heimilisuppbótar. Tryggingastofnun leggur til í ljósi vandkvæða við framkvæmd ákvæðisins að greinin fái reglugerðarheimild og og að ákvæðið verði þannig útfært nánar í reglugerð.

Athugasemdir við 19. gr. frumvarpsins:

Mikilvægt er að gildistaka nýs lífeyriskerfis verði um áramót þar sem rétturinn til lífeyris grundvallast á árstekjum sem deilt er jafnt á mánuði ársins og á árlegu uppgjöri. Í þessu lagafrumvarpi er gert ráð fyrir gildistöku 1. janúar 2017. Frumvarpið gerir ráð fyrir miklum breytingum á lífeyriskerfinu sem kalla á umfangsmiklar breytingar á tölvukerfum Tryggingastofnunar. Mat okkar er að breytingarnar á kerfinu geti tekið allt að sex mánuðum,



nema til komi enn frekari kostnaður en hér hefur verið til talinn við innleiðinguna. Tryggingastofnun telur því útilokað að hægt verði að greiða lífeyri samkvæmt nýju lífeyriskerfi þann 1. janúar 2017 verði frumvarpið að lögum á yfirstandandi þingi. Því er lagt til að gildistöku verði frestað til 1. janúar 2018 eða að kveðið verði á um að greitt skuli samkvæmt núgildandi kerfi fyrstu fjóra mánuði ársins 2017 þó réttindi verði samkvæmt nýju kerfi. Greiðslur samkvæmt nýju kerfi hefjist 1.mái, vegna þess mánaðar. Réttindi fyrstu fjögurra mánaða ársins verði þá endurreiknuð miðað við reglur nýja kerfisins.

Virðingarfyllt,

Sigríður Lillý Baldursdóttir
forstjóri Tryggingastofnunar

7. október 2016

I. Inngangur.

Velferðarnefnd Alþingis hefur fjallað um frumvarp félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007, um almannatryggingar er lýtur að breytingum á ellilífeyri almannatrygginga.

II. Hækkun á lífeyristökualdri.

Samkomulag hefur orðið um að flýta því að lífeyristökualdur hækki úr 67 árum í 70 ár þannig að þessi breyting verði gerð á tólf árum í stað 24 árum samkvæmt frumvarpi. Hefur þetta þau áhrif að lífeyristökualdur hækkar um þrjú mánuði á ári í 12 ár. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir að lífeyristökualdur hækki um tvo mánuði í tólf ár og síðan um einn mánuði í næstu tólf ár. Þannig getur sá sem fæddur er árið 1951 hafið töku ellilífeyris þegar hann verður 67 ára og þriggja mánaða í stað 67 ára og tveggja mánaða samkvæmt frumvarpinu. Kerfið kemur þá að fullu til framkvæmda fyrir þá sem eru fæddir árið 1963 en hefði samkvæmt frumvarpinu tekið að fullu gildi fyrir þá sem fæddir eru árið 1971. Mun þetta hafa í för með sér ákveðinn sparnað innan ellilífeyriskerfis almannatrygginga en á móti kemur aukinn kostnaður innan örorkulífeyriskerfisins vegna þeirra sem munu missa starfsorku á aldrinum 67 - 70 ára.

Eru því lagðar til eftirfarandi breytingar á 2. gr. frumvarpsins:

Í stað orðsins „tvo“ í 2. másl. 2. éfnismgr. 2. gr. komi: þrjú.

Orðin: þar til ellilífeyrisaldurinn verður 69 ár og síðan um einn mánuð á ári“ falli brott.

III. Frítekjumark vegna tekna ellilífeyrisþega.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almannatryggingakerfinu hvað varðar ellilífeyri. Gildandi kerfi gerir ráð fyrir frítekjumörkum og hefur það verið talið flækja kerfið að sama frítekjumark gildi ekki um allar tekjur, óháð uppruna þeirra. Samkvæmt frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir frítekjumörkum vegna tekna og er það í samræmi við tillögur nefndarinnar sem falið varð að endurskoða almannatryggingalögin. Eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið er ekki gert ráð fyrir frítekjumörkum vegna tekna í breyttu kerfi því skyni að einfalda kerfið en samhliða er lagt til að áhrif tekna á fjárhæð ellilífeyris verði hin sömu án tillits til hvers konar tekjur er um að ræða. **Þannig gerir frumvarpið ráð fyrir að ellilífeyrir lækki um 45% af tekjum lífeyrisþegans.**

Mikil umræða hefur orðið um mikilvægi þess að hafa frítekjumark, bæði vegna atvinnutekna, en einnig tekna almennt, óháð uppruna þeirra. Ljóst er að hagsmunasamtök þeirra er mál þetta varða töldu mjög mikilvægt að ellilífeyrisþegar gætu haft einhverjar tekjur án þess að þær hafi áhrif á fjárhæð ellilífeyrisins og kom það fram bæði í umsögnum um frumvarpið sem og á fundum velferðarnefndar.

Eftir töluverðar umræður komst velferðarnefnd að þeirri niðurstöðu að leggja til að sett verði frítekjumark er gildi um allar tekjur. Þannig verði tekið tillit til þessara sjónarmiða en þó þannig að lítið sé til þeirra markmiða til einföldunar á ellilífeyriskerfi almannatrygginga sem að er stefnt í frumvarpinu og jafnframt að slíkt frítekjumark gæti nýst fleiri ellilífeyrisþegum en eingöngu þeim sem hafa atvinnutekjur.

Eftir að metinn hafði verið kostnaðarauki við það að setja frítekjumörk vegna allra tekna er því gert ráð fyrir að ellilífeyrisþegar geti haft 25.000 kr. á mánuði í tekjur án þess að það hafi áhrif á fjárhæð ellilífeyrisins til lækkunar. Um er að ræða almennt frítekjumark og skiptir þá ekki máli hvort um er að ræða atvinnutekjur, greiðslur frá lífeyrissjóðum, fjármagnstekjur eða hugsanlega aðrar greiðslur.

Leggur velferðarnefnd því til að bætt verði við nýjum málslið í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins, er verði þriðji másl. 1. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar, svohljóðandi:

Ellilífeyrisþegi skal hafa 25.000 kr. almennt frítekjumark við útreikning ellilífeyris.

III. Heimild til að greiða hálfan ellilífeyri.

Við umfjöllun nefndarinnar um frumvarpið komu fram ábendingar um óljóst orðalag þessarar heimildar en nauðsynlegt er að ellilífeyrisþegar hefji töku hálfis lífeyris hjá öllum lífeyrissjóðum sem þeir hafa áunnið sér rétt í til að heimilt verði að hefja samtímis töku hálfis ellilífeyris innan almannatryggingakerfisins. Leggur nefndin því til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á 2. gr. frumvarpsins.

5. efnismgr. 2. gr. orðist svo: Heimilt er að greiða hálfan áunnin ellilífeyri samkvæmt lögum þessum frá 65 ára aldri til þeirra sem eiga rétt á ellilífeyri frá skyldubundnum atvinnutengdum lífeyrissjóði og hafa fengið samþykkt viðkomandi sjóða til að taka hálfan lífeyri hjá þeim og fresta töku lífeyris að hálfu.

Í stað orðanna „sótt hafi verið“ í 1. málsl. 6. efnismgr. 2. gr., komi: samþykkt hafi verið umsókn“ og eftir orðinu „hjá“ komi: öllum

IV. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga nemi 300.000 kr. frá og með árinu 2018 í samræmi við kauptryggingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á almannatryggingakerfinu hvað varðar ellilífeyri en ekki eru lagðar til sérstakar hækkanir á samanlagðri fjárhæð bótanna enda þótt lagt sé til að þær sameinist í einn bótaflokk, ellilífeyri. Í umsögnum sem og á fundum velferðarnefndar var þetta gagnrýnt og töldu hagsmunasamtök þeirra er mál þetta varðar mjög mikilvægt að bætur verði hækkaðar til samræmis við þróunina á vinnumarkaði.

Endurskoðunarnefnd almannatryggingalaganna gat þess í skýrslu sinni til ráðherra að eðlilegt væri að lífeyrir almannatrygginga hækkaði til samræmis við lágmarkslaun en nefndin lagði þó ekki til ákveðnar breytingartillögur og var 69. gr. laganna sem kveður á um það á hvern hátt skuli staðið að hækkan á fjárhæð bótanna ekki endurskoðuð í þessum áfanga. Gerir frumvarpið því ráð fyrir að bætur almannatrygginga muni almennt hækka í samræmi við 69. gr. laganna.

Velferðarnefnd hefur á fundum sínum fjallað ítarlega um málið. Áhersla var lögð á að fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til þeirra sem halda einir heimili verði í samræmi við kauptryggingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði en kauptryggingin mun taka breytingum 1. maí 2017 og 1. maí 2018. Nefndin bendir á að sú tillaga sé jafnframt í samræmi við framangreint álit endurskoðunarnefndar almannatryggingalaganna.

Kauptrygging samkvæmt kjarasamningi Starfsgreinasambandsins/Eflingar og SA verður 280.000 kr. á mánuði frá 1. maí 2017 og 300.00 kr. á mánuði frá 1. maí 2018 og skoðaði velferðarnefnd leiðir til þess að ná því markmiði hvað varðar greiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega.

Samkvæmt 8. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007 er heimilt að greiða lífeyrisþega sem er einn um heimilisrekstur svokallað heimilisuppbót. Velferðarnefnd leggur til að framangreindu markmiði verði náð með því að heimilisuppbótin verði hækkuð samkvæmt frumvarpinu, úr 34.126 kr. á mánuði (409.512 kr./ár) í 48.662 kr. á mánuði (583.994 kr./ár). Er jafnframt gert ráð fyrir að fjárhæð ellilífeyris og heimilisuppbótar verði hækkuð um 7,1% frá og með 1. janúar 2017 eins og 69. gr. laganna gerir ráð fyrir. Það tryggir að þeir ellilífeyrisþegar sem halda einir heimili og hafa ekki aðrar tekjur sem hafa áhrif til lækkunar á fjárhæð bóta fái 280.000 kr. á mánuði frá og með 1. janúar 2017.

Þá verði bætt við ákvæði við lögin sem kveði á um það að þegar bætur hækka til samræmis við umrædda 69. gr. laganna frá og með 1. janúar 2018 verði tryggt að ellilífeyrisþegar sem halda einir heimili fái samanlagðan ellilífeyri og heimilisuppbót að fjárhæð 300.000 kr. á mánuði enda hafi þeir ekki aðrar

tekjur sem hafi áhrif til lækkunar á fjárhæðina. Lækkunarhlutfall vegna annarra tekna verður óbreytt frá því sem lagt er til í frumvarpinu eða 45% en verður 11,9% á heimilisuppbótina í stað 7,5%.

Kerfisbreyting sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir tekur ekki til almannatryggingakerfis vegna örorku. Í frumvarpinu er því ekki kveðið á um breytingar á ákvæðum laganna um örorku og bætur vegna örorku. Þrátt fyrir það telur velferðarnefnd að sanngirnisjónarmið standi til þess að láta öryrkja einnig njóta bótahækkana og að þeir þurfi ekki að bíða þess að frumvarp um breytingar á almannatryggingakerfinu hvað varðar bætur vegna örorku líti dagsins ljós til að fá þá hækkun.

Vegna sameiningar bótaflokka í einn bótaflokk, nýjan ellilífeyri, greiðist sérstök uppbót til framfærslu eingöngu til örorkulífeyrisþega eftir gildistöku laganna. Leggur nefndin því til að markmiðinu hvað varðar örorkulífeyri verði náð með því að hækka það viðmið sem greiðsla sérstakrar uppbótar til framfærslu skv. 2. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð miðast við. Þannig hækki allar bætur um 7,1% í samræmi við 69. gr. frá 2017 en að framfærsluviðmið þeirra sem halda heimili einir verði hækkað umfram það og verði 280.000 kr. á mánuði. Enn fremur muni bætur hækka í samræmi við 69. gr. almannatryggingalaga 1. janúar 2018 en þá verði einnig tryggt að framfærsluviðmið þeirra sem halda einir heimili verði 300.000 kr. á mánuði.

Samkvæmt framansögðu eru lagðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

Lagt er til að bætt verði við nýjum tölulíð í 12. gr. frumvarpsins um viðbót við ákvæði til bráðabirgða við löggin um almannatryggingar er verði svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 23. gr. laganna, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð, skal samanlögð fjárhæð fulls ellilífeyris og heimilisuppbótar vera kr. 300.000 á árinu 2018.

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á 14. gr. frumvarpsins, sbr. 8. gr. laga um félagslega aðstoð:

Í stað „409.512 kr.“ í 1. másl. 2. mgr. komi: 583.994 og í stað „7,5%“ í 2. másl. 2. mgr. komi: 11,9%.

Eftirfarandi breyting er lögð til á 15. gr. frumvarpsins, sbr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð :

Við bætist nýr staflíður, svohljóðandi:

c. Í stað „184.140 kr.“ í 2. másl. 2. mgr. komi: 280.000 kr. og í stað „157.030 kr.“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 227.883 kr.

Þá er lagt til að við frumvarpið bætist ný grein, er yrði 16. gr. frumvarpsins og breytast númer annarra ákvæða til samræmis við það. Greinin yrði svohljóðandi:

16. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. laganna, sbr. 23. gr. laga um almannatryggingar, skal samanlögð fjárhæð fulls ellilífeyris og heimilisuppbótar vera 300.000 kr. á árinu 2018.

Við mat á því hvort lífeyrisþegi sem fær greidda heimilisuppbót geti framfleytt sér án sérstakrar uppbótar skal miða við að heildartekjur séu undir 300.000 kr. á mánuði árið 2018.

Velferðarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Velferðarráðuneytið**
Dagsetning: **28.09.2016**
Málsnúmer: **VEL16010129**
Bréfalykill: **02.14.01**

Efni: Aðferðir við reglubundnar hækkanir á fjárhæð bóta á Norðurlöndum.

Á fundi velferðarnefndar Alþingis 12. september sl. óskaði nefndin eftir samantekt frá velferðarráðuneytinu um það, hvernig sé staðið að reglubundnum hækkunum á fjárhæð bóta á Norðurlöndunum. Tekið skal fram, að lög og reglur í ríkjunum um þetta efni geta verið mismunandi eftir því um hvaða bætur er að ræða en meginreglunum er lýst stuttlega í eftirfarandi samantekt.

Danmörk.

Í lögum um félagslegan lífeyri (lov om social pension) kemur fram að fjárhæðir ellilífeyris og tengdra bóta skuli breytast árlega um þá hlutfallstölu sem kveðið er á um í lögum um breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna (lov om satsreguleringsprocent). Nota skal hlutfallstöluna fyrir yfirstandandi ár en að frádreginni ákveðinni prósentu þegar um er að ræða nánar tiltekna bótaflokka. Prósentan vegna árána 2016-2023 er tilgreind í lögnum. Í lögnum um breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna er fjallað um hvernig hlutfallstalan sem er grundvöllur breytinga á bótafjárhæðum skuli ákveðin, en hún miðast við launaþróun.

Ákvæði laga um félagslegan lífeyri.

Í 7. kafla laga um félagslegan lífeyri er fjallað um fjárhæðir bóta og breytingar á þeim. Kaflinn er þjárgreinar, 49. gr., 49. gr. a og 49. gr. b.

Í 49. gr. er kveðið á um bótafjárhæðir og persónufrádrátt í mismunandi bótaflokkum. Í 3. mgr. 49. gr. kemur fram að fjárhæðirnar sem tilgreindar eru í 1. mgr. ákvæðisins sem og í 69.-72. gr. laganna skuli breytast 1. janúar ár hvert, með þeirri hlutfallstölu sem kveðið er á um í lögum um breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna sbr. einnig 49. gr. a. Þetta verði gert í fyrsta skipti 1. janúar 2014.

Í 49. gr. a kemur fram að við árlega breytingu skv. 3. mgr. 49. gr. skuli nota prósentuna fyrir yfirstandandi ár en að frádreginni ákveðinni prósentu sem kemur fram í 2. mgr. 49. gr. a þegar um er að ræða bætur sem taldar eru upp í 1. mgr. 49. gr. 1, 3, og 8 tölul. (það eru grunnfjárhæð, lífeyrisviðbót og örorkulífeyrir)

Í 2. mgr. 49. gr. a kemur fram að vegna ársins 2016 sé prósentan 0,3, árið 2017 sé prósentan 0,4% og árin 2018-2023 sé prósentan 0,75%.

Í 49. gr. b kemur fram að lífeyrisviðbót (pensionstillæg) sbr. 49. gr. 1. mgr. 3. tölul. skuli hækka 1. janúar á tímabilinu 2016-2023 með uppbót. Uppbótin sé fjárhæð sem samsvari lægri aukning grunnfjárhæðar og lífeyrisviðbótar á viðkomandi ári sem leiði af frádrætti prósentu sbr. 49. gr. a.

Ákvæði laga um breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna.

Í lögum um breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna kemur fram í 1. gr. að grundvöllur árlegrar breytingar á fjárhæðum tekjutilfærslna skuli ákveðinn fyrir hvert ár í samræmi við ákvæði laganna. Grundvöllurinn samanstandi af þremur nánar tilteknum prósentum (satsreguleringsprocent, tilpasningsprocent og satstilpasningsprocent) Í 2. gr. kemur fram að prósentutala ársins sé 2% en svo eru ákveðnar reglur um það, hvernig sú hlutfallstala breytist ef árslau breytast meira eða minna en það.

Noregur.

Kveðið er á um fjárhæðir bóta í almannatryggingalögunum (folketrygdeloven) og hvernig skuli staðið að ákvörðunum um hækkun bóta. Fjárhæðum er breytt árlega. Meginreglan er sú að greiðslur ellilífeyris breytast til samræmis við launahækkanir að frádregnum 0,75%. Fjárhæð lágmarkslífeyris (minste pensjonsnivå) breytist í samræmi við launahækkanir og síðan leiðrétt fyrir áhrifum af breytingum á meðalævilengd.

Ákvæði laga um almannatryggingar.

Um ellilífeyri er fjallað í 19. og 20. kafla laganna. Mikilvægar breytingar tóku gildi 2011. Nýju reglurnar, sbr. 20. kafla, gilda að hluta fyrir fólk fætt á árinum 1954-1962 og að fullu fyrir þá sem fæddir eru 1963 og síðar. Meginákvæðið er í grein 19-14. Á grundvelli þess er sett ítarleg reglugerð þar sem nákvæmlega er lýst hvaða grunnfjárhæðir skuli lagðar til grundvallar, hvernig reikna skuli út launaþróunina og hvaða prósentu er dregin frá. Þar kemur einnig fram að ræða skal grundvöll fjárhæðanna við samtök lífeyrisþega, fatlaðra og samtök atvinnulífsins/ vinnuveitendur. Eftir fundarröðina er ný grunnfjárhæð almannatrygginga ákveðin sem og útreikningsþættirnir (reguleringsfaktorer) og birt í reglugerð. Síðan er lögð fjárlagatillaga fyrir Stórþingið um nauðsynlegar fjárveitingar er leiða af breytingunni.

Svíþjóð.

Kveðið er á um ellilífeyri í lögum um félagslegt öryggi (socialförsäkringsbalken). Almennur ellilífeyrir samanstendur af ellilífeyri sem ávinnst á grundvelli tekna, þ.e. tekjulífeyri, (inkomstgrundad ålderspension) og lágmarkslífeyri (garantipension), en hann er viðbót við tekjulífeyri þeirra sem fá lágan tekjulífeyri eða engan tekjulífeyri. Þá eru ýmsar uppbætur við almenna lífeyrinn sem og framfærslustuðningur aldraðra sem er viðbót við eða kemur í staðinn fyrir almennan ellilífeyri.

Tekjulífeyrinn fylgir meðalþróun tekna (launavísitala) að frádreginni ákveðinni prósentu, 1,6%. Fjárhæð lágmarkslífeyrisins (garantipension) er endurskoðuð árlega á grundvelli þróunar verðlags. Framfærslustuðningur við aldraða fylgir einnig vísitölu verðlags.

Finland:

Lífeyrir almannatrygginga (Kansaneläke) og lágmarkslífeyrir (Takuueläke) breytist árlega á grundvelli breytinga á framfærsluvísitölu.

Lífeyrir sem ávinnst á grundvelli tekna, tekjutengdur lífeyrir, breytist í byrjun hvers árs þar sem breytingar á framfærsluvísitölu veða 80% og breytingar á tekjum veða 20%.

Velferðarráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Velferðarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Velferðarráðuneytið**
Dagsetning: **22.09.2016**
Málsnúmer: **VEL16010129**
Bréfalykill: **02.14.01**

Efni: Viðbrögð við umsögnum um frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar o.fl. (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.)

I. Inngangur.

Með tölvubréfi, dags. 12. september 2016, óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir minnisblaði velferðarráðuneytisins með viðbrögðum við umsögnum er borist höfðu Alþingi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og fleiri lögum, þingskjal 1624, 857. mál.

Frumvarpið, sem er liður í heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, fjallar um bótakerfi almannatrygginga vegna elli. Þar er kveðið á um kerfisbreytingu er felst í sameiningu bótaflokka og einfaldari reiknireglum, lögð er til hækkun lífeyristökualdurs og aukinn sveigjanleiki við lífeyristöku. Velferðarráðuneytið hefur farið yfir umsagnirnar og fara hér á eftir viðbrögð ráðuneytisins við ýmsum athugasemdum og ábendingum er þar koma fram.

Flestir umsagnaraðilar eru jákvæðir í garð þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu. Sameining bótaflokka þykir jákvæð breyting og ánægja er með þá tillögu að sérstök uppbót til framfærslu falli brott sem félagsleg aðstoð en renni inn í sameinaðan bótaflokk, ellilífeyri, og að svokölluð krónu á móti krónu áhrif heyri þar með sögunni til. Þegar gerðar eru athugasemdir við einstaka atriði er yfirleitt hvatt til samþykkar frumvarpsins, enda þykir það í heild vera til bóta fyrir lífeyrisþega, en allflestir lífeyrisþegar munu fá hærri greiðslur úr almannatryggingum verði það að lögum. Þá er almennt stuðningur við tillögur um hægfara hækkun lífeyristökualdurs um þrjú ár á næsta aldarfjórðungi og tillögur um aukinn sveigjanleika við lífeyristöku.

Nokkrir umsagnaraðilar fjalla um kerfi almannatrygginga vegna örorku og vísa í bókanir með skýrslu endurskoðunarnefndarinnar er snúa að því. Tekið skal fram að frumvarpið byggir eingöngu á tillögum nefndarinnar hvað varðar ellilífeyri. Er því ekki talin þörf á að fjalla nánar um þær athugasemdir. Heildarendurskoðun almannatryggingalaganna mun hins vegar halda áfram og er gert ráð fyrir að í næsta áfanga verði megináhersla á endurskoðun ákvæða um örorkulífeyri, bæði réttindaávinnslu og bótaflokka, starfsgetumat, starfsendurhæfingu og fleira því tengt.

II. Bótafjárhæðir, vægi annarra tekna við útreikning bóta og brottfall frítekjumarka.

Í nokkrum umsögnum eru gerðar athugasemdir við að ekki séu lagðar til hækkanir á bótafjárhæðum og að skerðingarhlutfallið sé of hátt. Þá koma fram athugasemdir við fyrirætlanir um að fella frítekjumörk niður.

Í frumvarpinu er lagt til að allar aðrar tekjur sem lífeyrisþegi hefur sér til framfærslu hafi sama vægi við útreikning á fjárhæð ellilífeyris, eða 45%, og að frítekjumörk verði felld niður. Í því sambandi skal tekið fram að ellilífeyrir almannatrygginga er ætlaður þeim er þess þurfa og til að stuðla að því að lífeyrisþegar geti framfleytt sér. Frumvarpið byggir á því að það sé heildarfjárhæðin sem einstaklingur hefur til ráðstöfunar sem skipti meginmáli hvað varðar framfærslu, en ekki uppruni teknanna. Byggir frumvarpið hvað þessi atriði varðar alfarið á tillögum nefndar um endurskoðun laganna sem skilaði tillögum til ráðherra í byrjun mars 2016. Í nefndinni sátu fulltrúar

stjórnmalaflokka og hagsmunaaðila og eins og fram kom í umsögn Landssambands eldri borgara þá er frumvarpið byggt á máламиðlun sem hagsmunaaðilarnir gerðu með sér í nefndinni til að ná saman um þau skref sem frumvarpið felur í sér.

Þá er gagnrýnt að ekki sé kveðið á um það hvernig skuli staðið að hækkun bóta til framtíðar, þ.e. ekki eru gerðar tillögur um breytingu á 69. gr. laganna sem fjallar um það á hvern hátt skuli staðið að hækkun fjárhæða bóta. Endurskoðunarnefndin gat þess í skýrslu sinni til ráðherra að eðlilegt væri að lífeyrir almannatrygginga hækkaði til samræmis við lágmarkslaun, en nefndin lagði þó ekki fram ákveðnar breytingartillögur og var 69. gr. laganna ekki endurskoðuð í þessum áfanga.

III. Samspil almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins.

Nokkrir umsagnaraðilar fjölluðu um uppbyggingu lífeyrstryggingakerfisins sem byggir í dag á þremur meginstöðum og samspili þessara stöða innbyrðis, m.a. hvort lífeyrissjóðakerfið eigi að vera til viðbótar almannatryggingakerfinu eða öfugt.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar m.a. vegna elli. Ákveðnu kerfi hefur verið komið á með lögum í þeim tilgangi að tryggja þeim sem þess þurfa þennan rétt. Almannatryggingakerfinu var komið á hér á landi á fyrri hluta síðustu aldar og hefur það verið í stöðugri þróun síðan en uppbygging atvinnutengdu lífeyrissjóðanna hófst 1969. Þá er valfrjálst að greiða í séreignasparnað, séreignalífeyri. Þessar þrjár meginstöðir lífeyrstryggingakerfisins hafa mismunandi markmið.

Öllum á vinnumarkaði er skylt að greiða iðgjald í lífeyrissjóð, sbr. lög nr. 129/1997, en frjálst að greiða í séreignasparnað. Langtímamarkmið þess að koma á fót öðru lífeyrstryggingakerfi til hliðar við almannatryggingakerfið er m.a. að létta á framtíðarframfærslubyrði ríkissjóðs, m.a. vegna fyrirsjáanlegra breytinga á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Ellilífeyrir sem lífeyrissjóðir greiða fer eftir greiddum iðgjöldum og tímalengd aðildar en ekki því hvort sjóðfélaginn þarfnist aðstoðar.

Almannatryggingakerfið er einnig skyldubundið. Það tekur til allra sem búa hér á landi, réttur ávinnst við búsetu og veitir 40 ára búseta fullan rétt en ef um skemmri tíma að ræða greiðist lífeyrir hlutfallslega. Réttindaávinnsla er því óháð fyrri tekjum, iðgjaldagreiðslum, skattgreiðslum eða vinnu. Ellilífeyri almannatrygginga er fyrst og fremst ætlað að tryggja þeim er þess þurfa tiltekna lágmarksfjárhæð sér til framfærslu. Þannig eykur hann við þær tekjur sem viðkomandi hefur þegar sér til framfærslu, s.s. laun, lífeyrissjóðsgreiðslur eða fjármagnstekjur. Almannatryggingalögin gera þannig beint ráð fyrir því að þeir sem hafi lægri tekjur sér til framfærslu fái hærri lífeyri en þeir sem hærri tekjur hafa, þ.m.t. frá lífeyrissjóðakerfinu.

Í frumvarpinu er lagt til að greiðslur ellilífeyris til þeirra sem fá lífeyri frá lífeyrissjóðakerfinu stöðvist ekki fyrr en fjárhæð lífeyris frá lífeyrissjóði fari yfir um 374.000 kr. á mánuði. Samkvæmt gildandi kerfi heldur hins vegar lífeyrisþegi alltaf grunn ellilífeyri, þ.e. um 40.000 kr. á mánuði, óháð því hversu háar greiðslur hann hefur frá lífeyrissjóði. Hvað aðrar tekjur varðar, t.d. atvinnutekjur, er þessu öfugt farið, því lífeyrisþegi í nýju kerfi mun geta haft tekjur allt að 473.000 kr. á mánuði áður en greiðslur til hans stöðvast, en í gildandi kerfi stöðvast greiðslurnar þegar aðrar tekjur lífeyrisþegans nema 374.000 kr. á mánuði. Það er því ekki rétt sem haldið er fram í umsögn að almannatryggingar verði einkum fyrir þá sem eiga engin eða lítil réttindi í lífeyrissjóðum.

IV. Barnalífeyrir og barnabætur.

Í tveimur umsögnum er vikið að því að nauðsynlegt sé að gera breytingar á barnalífeyri, sem kveðið er á um í 20. gr. almannatryggingalaga, sem „tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hafi laun eða lífeyristekjur“. Bent skal á að barnalífeyrir telst ekki vera framfærslustuðningur við tekjulágt barnafólk, heldur bætur til barns vegna andláts foreldris og sama á við verði foreldri lífeyrisþegi. Barnalífeyrir fylgir barninu og er ekki háður tekjum móttakanda. Aftur á móti hefur verið til umræðu að sameina barnabætur og barnalífeyri, ásamt öðrum greiðslum vegna

barna, í eitt almennt kerfi barnatrygginga. Endurskoðunarnefndin fjallaði í störfum sínum m.a. um það mál en lagði ekki til breytingar, enda krefst slík kerfisbreyting mikils undirbúnings og aðkomu margra aðila. Þá skiptir barnalífeyrir fyrst og fremst máli í tengslum við kerfi almannatrygginga vegna örorku, enda fá mjög fáir ellilífeyrisþegar greiddan barnalífeyri.

V. Heimilisuppbót.

Í umsögnum komu fram hugleiðingar um hvort fella mætti heimilisuppbót niður, e.t.v. í áföngum. Þessi tillaga hefur komið fram áður en í henni felst að einstaklingur sem býr einn fengi fullan lífeyri, 100%, en sá sem býr með öðrum fengi ákveðið hlutfall af fullum lífeyri, t.d. 85%. Slíkt myndi þó auka útgjöld vegna þeirra lífeyrisþega sem búa erlendis, en heimilisuppbót er í dag greidd samkvæmt lögum um félagslega aðstoð og er því bundin við búsetu viðkomandi hér á landi.

Nefndin lagði til að skilgreiningar að baki heimildar til að ákvarða heimilisuppbót yrðu skoðaðar betur við mat á því hvort um fjárhagslegt hagræði sé að ræða af sambýli við aðra eða ekki. Sérstaklega á það við ef í hlut eiga ungmenni sem eru orðin 18 ára, eru í námi og búa áfram hjá foreldrum. Hér þarf ekki lagabreytingu til heldur nægir að breyta reglugerð. Fyrst og fremst er þó um að ræða mat Tryggingastofnunar hverju sinni á því hvað teljist vera fjárhagslegt hagræði af því að búa með öðrum.

Tryggingastofnun bendir réttilega á í umsögn sinni að ekki sé hægt að sjá að gert sé ráð fyrir að búsetuhlutfall skuli hafa áhrif á heimilisuppbót. Hefur sá málsliður í 14. gr. frumvarpsins fyrir mistök fallið niður við vinnslu þess og leggur ráðuneytið til breytingu á 14. gr. frumvarpsins, sjá kafla XII.

VI. Hálfur lífeyrir.

Nefnt er í umsögnum að óljóst sé hvort nýmælið um hálfan lífeyri nái til allra lífeyrisþega eða eingöngu þeirra er hefja töku lífeyris eftir gildistöku þess, verði frumvarpið að lögum. Ljóst er samkvæmt frumvarpinu að ekki er gert ráð fyrir að heimildin verði fyrir hendi fyrr en árið 2018 þegar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reglan mun því eingöngu gilda um þá sem öðlast rétt til ellilífeyris frá þeim tíma.

Vegna athugasemdar við 6. gr. frumvarpsins varðandi hálfan lífeyri, þá er orðalag ákvæðisins að mati ráðuneytisins skýrt, þ.e. engar tekjur eiga að hafa áhrif til lækkunar hálf lífeyris.

VII. Fangar og ráðstöfunarfé.

Samkvæmt 52. gr. almannatryggingalaga skal leggja fram umsókn um allar bætur og greiðslur samkvæmt lögnum. Samkvæmt 38. gr. laganna er Tryggingastofnun skylt að sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun um bótarétt er tekin, þar á meðal að öll nauðsynleg gögn og upplýsingar liggi fyrir. Í 39. gr. er síðan kveðið á um skyldu umsækjanda til að veita þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar svo unnt sé að ákvarða bótarétt og fjárhæðir greiðslna. Þá er í 37. gr. m.a. kveðið á um skyldu Tryggingastofnunar til að kynna sér aðstæður umsækjanda og skoða mál heildstætt.

Fram kom í umsögn Afstöðu að lífeyrisþegi sem hefur afplánun hafi fram til 2011 fengið svokallaða vasapeninga á grundvelli heimildar 1. mgr. 56. gr. laganna án þess að sækja sérstaklega um það. Ráðuneytið telur ljóst að sú framkvæmd hafi ekki verið í samræmi við 52. gr. laganna.

Heimilt er að greiða ráðstöfunarfé til lífeyrisþega sem afplánar refsingu í fangelsi samkvæmt 3. málsl. 1. mgr. 56. gr. almannatryggingalaga, en það er ekki skylt. Þar sem um heimildarákvæði er að ræða ber Tryggingastofnun að leggja mat á hverja umsókn enda ekki um skilyrðislausan rétt allra lífeyrisþega í fangelsum að ræða. Í lögin vantar hins vegar vegvísi um það til hvaða atriða skuli einkum líta við mat á því hvort verða eigi við umsókninni og er í frumvarpinu lagt til að þessari heimild megi að jafnaði beita þegar sérstaklega standi á. Í athugasemdum með ákvæðinu kemur fram að átt sé við að lífeyrisþegi í fangelsi geti haft þörf fyrir greiðslur umfram það sem

Fangelsismálastofnun greiðir föngum, svo sem vegna örorku, sjúkrakostnaðar eða endurhæfingar.

Umræddar tillögur sem eru í frumvarpinu voru undirbúnar af hálfu Tryggingastofnunar og Fangelsismálastofnunar. Ástæðan var einkum sú að lífeyrisþegar í fangelsum höfðu að staðaldri meiri fjárráð en aðrir fangar. Tilgangur breytinganna er að fangar sem eru lífeyrisþegar verði jafnsettir öðrum föngum eftir því sem unnt er og því er talið nauðsynlegt að setja það viðmið að greiðsla ráðstöfunarfjár sé bundið við sérstakar aðstæður lífeyrisþegans meðan á afplánun stendur, þar sem hægt er að sýna fram á umfram þörf, t.d. sjúkrakostnað eða endurhæfingu.

Velferðarráðuneytið leggur til að 56. gr. laganna fái nýja fyrirsögn, þar sem ljóst er að núgildandi heiti er of þröngt miðað við efni ákvæðisins, sjá XII. kafla.

VIII. Hækkun á lífeyristökualdri.

Í einni umsögn komu fram þau sjónarmið að hækkun á lífeyristökualdri sé almenn skerðing réttinda. Í frumvarpinu er lögð til hægfare hækkun á lífeyristökualdri um þrjú ár á 24 árum. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er verið að mæta lengingu meðalævinnar og því að almennt greiðist nú ellilífeyrir í mun fleiri ár en þegar almannatryggingum var komið á fót. Þá miðaðist upphaf lífeyristöku við 67 ára aldur og hefur það verið óbreytt síðan. Það er rétt að þegar þessi breyting verður að fullu komin til framkvæmda má ætla að meðallengd greiðslutímabils ellilífeyris almannatrygginga verði þremur árum styttri ef meðalævilengd lengist ekki á tímabilinu, en slíkt er nú talið ólíklegt miðað við þróunina undanfarin ár.

IX. Lífeyrisþegar sem fá ekki auknar greiðslur í nýju kerfi.

Frumvarpið fjallar um kerfisbreytingu hvað varðar bætur vegna elli en kveður ekki sérstaklega á um hækkun bóta. Þó munu langflestir ellilífeyrisþegar fá hærri bætur í nýju kerfi en þeir fá í gildandi kerfi. Frumvarpið hefur aftur á móti ekki áhrif á bótafjárhæð ellilífeyris þeirra 23 einstaklinga sem hafa engar aðrar tekjur en ellilífeyri frá almannatryggingum. Lífeyrisþegar sem hafa mjög lágar aðrar tekjur munu aftur á móti langflestir koma betur út í nýju kerfi. Þá verður ný ellilífeyririnn greiddur úr landi til lífeyrisþega sem búsettir eru í þeim ríkjum sem Ísland hefur gert samninga við á sviði almannatrygginga. Það á hins vegar ekki við um framfærsluuppbot í dag sem er félagsleg aðstoð og er bundin við búsetu viðkomandi hér á landi. Því eru réttindi þessa hóps aukin samkvæmt frumvarpinu.

Vegna þeirrar kerfisbreytingar sem lögð er til í frumvarpinu og nær til u.þ.b. 40 þúsund eldri borgara gefur auga leið að einhverjir muni njóta betri réttinda í gildandi kerfi en hinu nýja, þótt útreikningar sýna að langflestir muni njóta betri réttar verði frumvarpið að lögum. Í bráðabirgðaákvæði er því lögð til samanburðarregla er taki til þeirra sem fá greiðslur úr gildandi kerfi við gildistöku breytinganna, til að draga úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum frumvarpsins. Gert er ráð fyrir að samanburðarreglan verði ótímabundin og er það í samræmi við tillögu endurskoðunarnefndarinnar. Mun ákvæðið renna út sjálfkrafa er fram líða stundir. Í einni umsögn er gerð athugasemd við þetta og talið að reglan eigi eingöngu að gilda til skamms tíma. Velferðarráðuneytið telur þó nauðsynlegt að reglan verði í gildi þar til fundin verður varanleg lausn á málum þeirra sem aðeins hafa áunnið sér hlutfallsleg réttindi hér á landi vegna búsetu erlendis.

Í umsögnum koma fram hugleiðingar um að það geti talist brot á jafnræði að bráðabirgðaákvæðið með samanburðarútreikningi taki ekki til þeirra sem ekki fá greiddan ellilífeyri við gildistöku laganna en sækja um ellilífeyri síðar. Það er misskilningur að slíkt feli í sér brot á jafnræðisreglu, því greiðslur almannatrygginga til þeirra sem öðlast rétt til ellilífeyris síðar hafa ekki lækkað, þar sem að þeir voru ekki með greiðslur fyrir gildistöku nýs kerfis.

Bent skal á að Tafla 2 í umsögn Öryrkjabandalags Íslands er röng, því til viðbótar við greiðslur samkvæmt frumvarpinu kemur viðbótargreiðsla samkvæmt samanburðarreglunni í ákvæði til bráðabirgða þannig að viðkomandi yrði nákvæmlega eins settur í nýju kerfi og hann er nú. Það er því

rangt sem haldið er fram í umsögninni að greiðslurnar yrðu lægri í nýju kerfi.

X. Tilraunaverkefni um greiðsluþátttöku á hjúkrunarheimilum.

Í 18. gr. frumvarpsins er lagt til nýtt bráðabirgðaákvæði við lög um málefni aldraðra, nr. 125/1999, um tilraunaverkefni varðandi breytta greiðsluþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Umsagnaraðilar sem fjölluðu um ákvæðið eru almennt jákvæðir gagnvart slíku tilraunaverkefni og telja að breytt fyrirkomulag greiðsluþátttöku íbúanna stuðli að auknum sjálfsákvörðunarrétti þeirra. Þó koma fram ýmsir fyrirvarar og spurningar.

M.a. er bent á að ekki sé ljóst til hversu stórs hóps tilraunaverkefnið muni ná og að útfærsla þess liggi ekki fyrir. Ráðherra skipaði starfshóp í maí sl. sem falið var að fjalla um tilraunaverkefni í samvinnu við eitt eða fleiri hjúkrunarheimili um nýtt fyrirkomulag um greiðsluþátttöku íbúa. Vinna hópsins er skammt á veg komin en af samtölum við fulltrúa þeirra hjúkrunarheimila sem hafa lýst áhuga á þátttöku í slíku verkefni er þó ljóst að það yrði afmarkað við ákveðna einingu innan hvers heimilis. Er gert ráð fyrir að íbúar þessarar tilteknu einingar eða umboðsmenn þeirra hefðu tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um hvort þeir vildu taka þátt í verkefninu.

Einnig er varpað fram spurningum um það hvort lífeyrisþegar sem hafa eingöngu lífeyri almannatrygginga og/eða lágar viðbótartekjur sér til framfærslu geti staðið undir útgjöldum fyrir mat, þrifum, þvotti, tómstundastarfi og húsaleigu og hvort einhverjir muni hafa minna til ráðstöfunar en nú er. Minnt er á tilvik þar sem lífeyrisþegar eiga ekki rétt á fullum ellilífeyri eða jafnvel að ekki sé um rétt á ellilífeyri að ræða og að upp geti komið tilvik þar sem upphæð greiðslna fyrir þjónustu á hjúkrunarheimili verði hærri en sem nemi upphæð lífeyrisgreiðslna. Þá er því varpað fram hvort að sveitarfélag verði hugsanlega krafið um að veita áfram tiltekna þjónustu, sem veitt hafi verið einstaklingum að kostnaðarlausu á heimilum þeirra, eftir að þeir flytjast á hjúkrunarheimili þar sem greiða verður fyrir slíka þjónustu. Þá er því velt upp hvort nýtt greiðsluþátttökukerfi muni leiða til aðstöðumunar íbúa eftir efnahag, þ.e. hvort þeir efnameiri geti greitt hærri húsaleigu og fengið þannig betra og stærra húsnæði á hjúkrunarheimilum. Sveitarfélögum verður skylt að veita sérstakan húsnæðisstuðning frá 1. janúar 2017 og er spurt hvort íbúar á hjúkrunarheimili gætu átt rétt á honum.

Þessum spurningum og fleirum til mun starfshópurinn beina athyglinni að áður en hægt verður að fara af stað með tilraunaverkefni af þessu tagi. Reikna þarf út hvaða áhrif breytingin hafi fyrir mismunandi hópa, gera kostnaðarmat er taki mið af þeim áhrifum sem breytingamar gætu haft fyrir sveitarfélög og skoða lagagrundvöll breytts greiðslufyrirkomulags.

XI. Önnur atriði er fram koma í umsögnum.

Nefnt er að gera ætti séreignasparnað jafnsettan öðrum sparnaði þannig að greint sé á milli höfuðstóls og ávöxtunar. Þetta mál var rætt í endurskoðunarnefndinni en ákveðið var að leggja ekki til breytingar að svo stöddu, þar sem málið þarfnast frekari skoðunar og umræðu.

Fram kemur í umsögn að með kerfisbreytingunni sé verið að færa andvirði grunn ellilífeyris frá hluta lífeyrisþega til annarra lífeyrisþega. Greiðslur grunn ellilífeyris muni stöðvast hafi einstaklingur hærri lífeyrissjóðsgreiðslur en 400.000 kr. á mánuði sem sé ranglátt. Eins og kemur fram í III. kafla stöðvast greiðslur grunn ellilífeyris ekki vegna lífeyrissjóðstekna í gildandi kerfi óháð því hversu háar þær eru. Í nýju kerfi munu greiðslur nýs ellilífeyris stöðvast þegar aðrar tekjur ellilífeyrisþega verða hærri en 473.000 kr. á mánuði, óháð því hver uppruni teknanna er. Þeir sem hafa hærri tekjur en það munu því ekki fá greiðslur ellilífeyris frá almannatryggingum.

Vikið var að stöðu einstaklinga sem aðeins hafa áunnið sér rétt til hlutfallslegs ellilífeyris hér á landi. Endurskoðunarnefndin ræddi stöðu þessa hóps sérstaklega en ákvað að leggja ekki fram sérstaka tillögu um þetta efni. Ljóst er að málið snertir fyrst og fremst öryrkja og verður þessi þáttur því væntanlega tekinn til nánari skoðunar í tengslum við endurskoðun á ákvæðum laganna um örorkubætur. Þess má þó geta að bráðabirgðaákvæði frumvarpsins, sem felur í sér samanburðarreglu,

mun sérstaklega ná til þess hóps sem ekki nýtur góðs af breytingunum, en útreikningar Tryggingastofnunar sýna að það eru fyrst og fremst lífeyrisþegar sem eingöngu hafa áunnið sér hlutallslegan rétt í almannatryggingum hér á landi.

Nefnt er að tillögur endurskoðunarnefndarinnar um það hvaða bótaflokka ætti að sameina séu þvert á tillögur verkefnisstjórnar frá 2009. Í því sambandi skal bent á að tillögur verkefnisstjórnarinnar frá 2009 hvað þetta atriði varðar hlutu ekki hlómgrunn, ekki var samstaða stjórnvalda og hagsmunaaðila um þá leið sem verkefnisstjórnin lagði til og hún var ekki farin.

Fram komu ábendingar um að mikilvægt væri að sambærileg ákvæði um sveigjanleika og upphaf lífeyristöku gildi einnig hjá lífeyrissjóðunum. Ráðuneytið tekur undir það og telur brýnt að sem fyrst verði hafin vinna við gerð frumvarps af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytis um sambærilegar breytingar í lífeyrissjóðakerfinu og er reyndar gert ráð fyrir því í frumvarpinu. Þar er lagt til að breyting á lífeyristökualdri í almannatryggingum eigi sér stað í hægum skrefum á næsta aldarfjórðungi en samræmingu á lífeyristökualdri í lögbundnu kerfunum tveimur ætti að vera unnt að ná þótt breytingar hjá lífeyrissjóðakerfinu hefjist síðar, t.d. með því að hækka lífeyristökualdurinn í því kerfi hraðar.

Fram kom í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að skoða ætti að fyrsta greiðsla Tryggingastofnunar til þeirra sem áður hafa þegið fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi renni beint til sveitarfélagsins. Þetta hefur margoft komið fram áður en ávallt verið hafnað enda njóta bætur almannatrygginga sérstakrar verndar, sbr. 57. gr. almannatryggingalaga. Sveitarfélögin hafa heimild í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga til að veita fjárhagsaðstoð í formi láns og ættu því að geta samið við fólk um endurgreiðslur lána og annast innheimtu þeirra.

Spurt var hvaða afleiðingar snemmtaka lífeyris hafi á örorkulífeyrisgreiðslur og síðar á ellilífeyrisgreiðslur þegar lífeyristökualdri er náð. Það er ljóst að hefji einstaklingur töku ellilífeyris fyrir almennan lífeyristökualdur á grundvelli þess nýmælis sem lagt er til í frumvarpinu verði ekki greiddur örorkulífeyrir fyrir sama tímabil. Bæði er um ósamrýmanlegar bætur að ræða, sbr. 48. gr. almannatryggingalaga, auk þess sem það kemur skýrt fram í a-lið 3. gr. frumvarpsins að örorkulífeyrir greiðist eingöngu til þess tíma er lífeyristökualdri skv. 17. gr. laganna er náð.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er bent á misræmi milli frumvarpstextans og greinargerðar. Ábendingin er réttmæt og leggur velferðarráðuneytið til að gerð verði breyting á 2. gr. frumvarpsins, sjá XII. kafla. Til samræmis verði athugasemdum við ákvæðið breytt. Aftur á móti telur ráðuneytið að séu greiðslur hafnar geti umsækjandi ekki nýtt sér þessa heimild.

XII. Breytingartillögur velferðarráðuneytisins.

Við yfirferð á umsögnum sem bárust velferðarnefnd vegna frumvarpsins komu í ljós þrjú atriði sem að mati ráðuneytisins þarfnast breytinga:

- 1) Í stað orðanna „hvorki lagt inn umsókn né“ í 3. efnismálsg. 2. gr. frumvarpsins, komi: ekki.
- 2) Breyting verði gerð á 11. gr. frumvarpsins þannig að 56. gr. laganna fái nýja fyrirsögn sem verði svohljóðandi: „Fangelsisvist, gæsluvarðhald og úrskurður um dvöl á stofnun“.
- 3) Nýr málslíður bætist við 2. mgr. 14. gr. frumvarpsins og verði svohljóðandi: „Um útreikning heimilisuppbótar vegna búsetu fer skv. 1. mgr. 17. gr. laga um almannatryggingar.“

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. september 2016

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar o.fl. (857. mál)

Viðskiptaráð styður í meginatriðum þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frumvarpi. Ber þar helst að nefna einföldun almannatryggingakerfisins, hækkun lífeyristökualdurs og aukinn sveigjanleiki við starfslok.

Ráðið gagnrýnir hins vegar að fjármögnun breytinganna liggja ekki fyrir. Verði skattahækkunum beitt til að fjármagna þær mun það vinna gegn þeim jákvæðu efnahagslegu áhrifum sem þeim er ætlað að hafa. Þá gerir Viðskiptaráð athugasemd við að ekki sé lengur kveðið á um samstarfsverkefni til að þróa leiðir til að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats, líkt og gert var í drögum að frumvarpinu.

Frumvarpsdrögin voru birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins þann 24. júní síðastliðinn og skilaði Viðskiptaráð umsögn um þau.¹ Í fyrirbyggjandi frumvarpi er ekki tekið tillit til athugasemda ráðsins.

Helstu breytingar jákvæðar

1. Einföldun bótagreiðslna

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem fela í sér einföldun almannatryggingakerfisins. Áformað er að fækka bótaflokkum úr þremur í einn og afnema frítekjumörk. Viðskiptaráð styður þessar breytingar og telur þær til þess fallnar að gera fjárhagsstuðning hins opinbera við eldri borgara einfaldari, markvissari og gagnsærri en áður.

2. Hækkun lífeyristökualdurs

Viðskiptaráð styður jafnframt þá breytingu að lífeyristökualdur hækki úr 67 árum í 70 ár. Líkt og fram kemur í frumvarpinu eru margvíslegar röksemdir fyrir þessari breytingu, þar á meðal lengri meðalævi, hærri lífaldur, bætt heilsa og jákvæð áhrif virkni á efri árum á bæði andlega og líkamlega heilsu.

¹ Umsögn ráðsins var send velferðarráðuneytinu þann 27. júlí 2016. Slóð:
<http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/ofjarmagnadar-breytingar-i-almannatryggingafrumvarpi/>

3. Aukinn sveigjanleiki við starfslok

Einnig eru lagðar til heimildir til að fresta lífeyristöku til 80 ára aldurs annars vegar og minnka starfshlutfall á efri árum hins vegar. Heimildir fyrir slíkum auknum sveigjanleika þegar kemur að starfslokum væru framfaraskref. Þeir sem komnir eru á lífeyristökualdur geta enn haft bæði vilja og getu til að starfa lengur. Að mati ráðsins er því eðlilegt að einstaklingnum sé heimilt að fresta starfslokum sínum eftir því sem hann telur henta sér best.

Brynt að meta starfsgetu í stað örorku

Í drögum að frumvarpinu var kveðið á um að sett yrði af stað samstarfsverkefni um að þróa leiðir til að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats. Nú þegar frumvarpið hefur verið lagt fram á Alþingi er ekki lengur að finna ákvæði um að slíkt samstarfsverkefni skuli sett af stað. Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að ekki hafi náðst samstaða í nefnd um endurskoðun almannatryggingalaga um tillögur er sneru að innleiðingu starfsgetumats í stað örorkumats. Því sé gert ráð fyrir að lagt verði fram sérstakt frumvarp síðar meir sem lýtur að þeim breytingum.

Örorka er umfangsmikið félagslegt og efnahagslegt vandamál hérlendis. Sífelld fleiri eru metnir til örorku ár hvert og hefur öryrkjum fjölgað um tæp 30% frá árinu 2005.² Árið 2015 voru 1.471 einstaklingur jafnframt úrskurðaður með 75% örorkumat í fyrsta sinn en það er 19% fleiri en árið 2014.³ Einnig voru úrskurðir um 75% örorkumat tæplega 1.000 fyrstu 6 mánuði ársins árið 2016, sem er 50% aukning miðað við meðaltal síðustu fimm ára.⁴ Af þessum tölum er ljóst að aðkallandi er að bregðast við þessari þróun sem fyrst.

Sú leið sem hefur verið talin líklegust til árangurs í þeim efnum hefur verið starfsgetumat í stað örorkumats. Til dæmis var slík breyting lykilhliuti af tillögum verkefnisstjórnar *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld* um aukna atvinnuþátttöku öryrkja.⁵

Formaður Öryrkjabandalagsins hefur hins vegar lagst gegn þeirri útfærslu sem finna mátti í frumvarpsdrögnum, meðal annars af ótta við að öryrkjar sem metnir væru með starfsgetu að hluta til gætu þurft að þiggja atvinnuleysisbætur til móts við lægri örorkulífeyri.⁶

Að mati Viðskiptaráðs eiga bótakerfi hins opinbera að endurspeglar aðstæður einstaklinga. Ef einstaklingar búa yfir starfsgetu að hluta til en fá ekki störf er einmitt eðlilegt að þeir þiggi atvinnuleysisbætur til móts við örorkubætur. Það skapar aukið gagnsæi um raunverulega stöðu þessara einstaklinga og heildarumfang atvinnuleysis hérlendis. Jafnframt hafa stjórnvöld þá aukin tækifæri til að aðstoða viðkomandi einstaklinga með þeim vinnuþátttökuáttum sem til staðar eru í dag.

Viðskiptaráð leggur því til að ákvæði það sem var í frumvarpsdrögnum verði bætt við frumvarpið á ný. Að mati ráðsins hafa ekki komið fram sjónarmið sem réttlæta það að hverfa frá þessari aðkallandi breytingu sem væri til bóta fyrir samfélagið í heild.

² Sjá upplýsingar um þróun örorku á heimasíðu velferðarráðuneytisins. Slóð:

<https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/35442>

³ Sjá upplýsingar sem Tryggingastofnun tók saman fyrir Viðskiptablaðið. Slóð: <http://www.vb.is/frettir/19-aukning-nyrra-ororkutilfella/126987>

⁴ Sjá umsögn SA um drög að frumvarpi um almannatryggingar. Gögn unnin upp úr gagnagrunni TR þann 10. ágúst 2016 að beiðni SA. Slóð: <http://www.sa.is/media/2176/droeg-ad-frumvarpi-um-almannatryggingar-umsoegn-sa-128-2016.pdf>

⁵ Nánari upplýsingar um tillögur verkefnisstjórnar *Samráðsvettvangs um aukna hagsæld* (2013) má nálgast hér: www.samradsvettvangur.is

⁶ Sjá frétt af vef RÚV þar sem fjallað er um að formaður Öryrkjabandalagsins óttist að fólk með skerta starfsgetu fái ekki vinnu við hæfi og í kjölfarið ákvað félags- og húsnæðismálaráðherra að fjarlægja ákvæðið úr frumvarpinu. Slóð: <http://www.ruv.is/frett/ottast-ad-oryrkjar-fai-ekki-vinnu>

Ófjármagnaðar breytingar

Í kostnaðarumsögn um frumvarpið kemur fram að áætlaður kostnaður vegna breytinganna nemi samtals 33 ma. kr. fram til ársins 2027. Ekki er lögð til ákveðin leið til að fjármagna þessar breytingar en þó er lögð fram áætlun um að hækkun tryggingargjalds þyrfti að nema 0,45% til að þær skili ríkissjóði ekki tapi.

Verði breytingarnar fjármagnaðar með aukinni skattlagningu á vinnuframlag einstaklinga mun það vinna gegn jákvæðum áhrifum þeirra með því að draga úr verðmætasköpun allra einstaklinga – ekki einungis þeirra sem komnir eru á efri ár.

Unnið hefur verið að því á síðastliðnum árum að lækka tryggingagjald og hefur það farið stiglækkandi frá árinu 2012. Enn er þó nokkuð í að gjaldið lækki niður í það sem það var fyrir efnahagshrunið. Í greinargerð með stjórnarfrumvarpi sem varð að lögum nr. 54/2016 kom fram að stjórnvöld muni beita sér fyrir frekari lækkun tryggingagjalds á komandi árum. Yrði gjaldið hækkað á ný væri farið þvert á þá stefnu stjórnvalda.

Mögulegt að fjármagna frumvarpið án skattahækkana


Viðskiptaráð hvetur til þess að breytingarnar verði fjármagnaðar með niðurskurði opinberra útgjalda í stað hækkun tryggingagjalds. Þannig má tryggja að jákvæð efnahagsleg áhrif breytinganna þurrkist ekki út vegna neikvæðra áhrifa af aukinni skattlagningu á vinnu einstaklinga.

Í því samhengi bendir ráðið á að framlög hins opinbera til ýmiss konar samfélagsmótunar nema t.a.m. um 100 ma. kr. á ári. Dæmi um slíka starfsemi er rekstur eða fjármögnun á sviðum pósthjónustu, sorphirðu, steypuframléiðslu, trúariðkunar, fjölmiðlunar og annarra atvinnugreina. Ráðið hvetur stjórnvöld til að endurskoða útgjöld sín til þessara málefna með það að markmiði að fjármagna þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.⁷

Viðskiptaráð telur einnig að draga mætti úr kostnaði við frumvarpið með því að flýta ferlinu við innleiðingu lágmarkslífeyristökualdurs úr 67 árum í 70 ár. Með þeim hætti væri fyrr byrjað að sporna við þeirri þróun að sífellt hærra hlutfall lífeyrisþega sé á vinnufærum aldri. Samkvæmt frumvarpinu mun hækkun lágmarkslífeyristökualdurs vera framkvæmd í þrepum yfir 24 ára tímabil. Fyrstu tólf árin hækkar hann um tvo mánuði á ári en næstu tólf ár á eftir hækkar hann um einn mánuð á ári. Verði frumvarpið að lögum mun ellilífeyrisaldurinn ná 68 árum árið 2023, 69 árum árið 2029 og 70 árum árið 2041. Að mati Viðskiptaráðs væri betra að hækka lágmarkslífeyristökualdurinn um tvo mánuði næstu 18 árin og flýta þar með ferlinu um sex ár.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur

⁷ Sjá kortlagningu á opinberum útgjöldum vegna samfélagsmótunar í skýrslu Viðskiptaráðs (2014): „Hid opinbera: tími til breytinga“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/hid-opinbera/>

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.9.2016
Tilvísun: 201609-0074/0.03.02

Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl., 857. mál.

Vísað er til beiðni velferðarnefndar Alþingis eftir umsögn um ofangreint frumvarp til laga um almannatryggingar o.fl. (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyrisaldur o.fl.) sem barst í tölvupósti, dags. 8. september 2016.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sú meginbreyting verði á, að almennur ellilífeyrisaldur hækki úr 67 árum í 70 ár og að hægt verði að fresta töku ellilífeyris fram til 80 ára aldurs með stigvaxandi réttindum. En það mun auka þörf og hvata eldra fólks til að vinna. Þetta kallar á að vinnustaðir aðlagi störf sín og áhættumat starfa m.t.t. þessa. Hér verður að horfa til stoðkerfissjúkdóma en auk þess einnig hjarta og lungnasjúkdóma, geð- og taugasjúkdóma þ.m.t. minnissjúkdóma og annarra meina sem aukast hratt við þennan aldur.

Vinnueftirlitið vill undirstrika að við þá grunnbreytingu sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. að hækka aldursmörk m.t.t. ellilífeyris, er viðbúið að fjöldi starfsmanna á vinnumarkaði sem býr við veikindi muni aukast. Stofnunin vill vekja athygli nefndarmanna á því að þessum starfsmönnum er hættara við atvinnutengdum sjúkdómum og því að lenda í vinnuslysum.

Þessu verður ekki mætt nema með virkara vinnuverndarstarfi í fyrirtækjum og meiri aðlögun starfa að getu starfsfólks. Að mati Vinnueftirlitsins er því brýnt er að gera áætlun um það hvernig þessu verður mætt í atvinnulífinu.

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Björn Þór Rögnvaldsson


Kristinn Tómasson



Nefndarsvið alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14.9.2016

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni aldraðra, með síðari breytingum (einföldun bótakerfis, breyttur lífeyristökualdur o.fl.). Þingskjal 1624 – 857. mál.

I. Athugasemdir við frumvarpið í heild sinni

Ofangreint frumvarp er umfangsmikið og myndi hafa í för með sér afgerandi breytingar á almannatryggingum, ef það yrði að lögum. Við yfirferð frumvarpsins kom ýmislegt í ljós sem breytir og/eða skerðir réttindi lífeyrisþega sem nauðsynlegt er að skoða nánar. Hérna verður greint frá fyrstu viðbrögðum ÖBÍ við frumvarpinu í heild. Athugasemdirnar eru í samræmi við sérálit bandalagsins við skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar og greinargerð sem fylgdi sérálitinu, en í athugasemdum við frumvarpið segir að það byggji á tillögum í skýrslu, sem meirihluti ofangreindrar nefndar skilaði fyrr á árinu.

Í frumvarpinu felast engar réttar- og/eða kjarabætur fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, þrátt fyrir að nefndin hafi komist að þeirri niðurstöðu að þörf væri á kjarabótum hjá þessum hópum lífeyrisþega.

Fjöldi breytinga sem sátt var um í nefndinni vantar í frumvarpið

Í upphafi athugasemda þeirra sem fylgja frumvarpinu segir að frumvarpið byggji á þeim tillögum sem breið sátt var um í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar. Það sem vekur sérstaka eftirtekt í því samhengi að í frumvarpið vantar grundvallarþætti sem algjör sátt var um í nefndinni, t.d.:

- a) Afnáam „krónu á móti krónu“ skerðinga fyrir **alla** lífeyrisþega.
- b) Afnáam innbyrðis skerðinga greiðsluflokka.
- c) Afnáam víxlverkana í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða.

Allt eru þetta þættir sem myndu bæta stöðu örorkulífeyrisþega, náist þeir í gegn. Frumvarpið er því vonbrigði fyrir örorkulífeyrisþega. Hin réttu skref í málinu hefðu verið að:

- a) Afnema „krónu á móti krónu skerðinguna“ með því að fella framfærsluuppþótina inn í tekjutrygginguna ásamt því að viðhalda frítekjumörkum.
- b) Afnema að fullu og með varanlegum hætti víxlverkun milli örorkulífeyrisgreiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða.
- c) Hækka fjárhæðir almannatrygginga umtalsvert, en þær hafa hækkað mun minna en lægstu laun og kjaragliðnun síðustu ára er enn óbætt. Lífeyrir almannatrygginga (án heimilisuppbótar sem tilheyrir lögum um félagslega aðstoð) verði nægilegur til að fólk geti framfleytt sér og lifað mannsæmandi lífi í íslensku samfélagi þar sem tillit er tekið til kostnaðar vegna húsnæðis, fæðis, klæðis og eðlilegrar þátttöku í samfélaginu. Fjárhæðirnar verði í takt við dæmigert neysluviðmið velferðarráðuneytisins.
- d) Tryggja að heildartekjur lífeyrisþega, sem hafa verið búsettir erlendis og fá nú hlutfallslegar greiðslur frá almannatryggingum séu ekki undir því viðmiði sem getið er um í c) lið.
- e) Afnema allar innbyrðis skerðingar bóta-/greiðsluflokka. Í núverandi kerfi skerðir til að mynda aldurstengda örorkuuppþótin sérstöku framfærsluuppþótina krónu á móti krónu.

Í umsögn ÖBÍ dags. 16.8.2016 um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um almannatryggingum, sem var til umsagnar hjá velferðarráðuneytinu í sumar, voru lagðar fram fjöldi spurninga, þar sem frumvarpsdrögin voru ekki nægilega skýrt á köflum. Flestum þessara spurninga hefur ekki verið svarað, hvorki í lagatextanum sjálfum né í athugasemdum þeim sem fylgja með frumvarpinu. Í þessari umsögn eru hluti þeirra ítrekaður eins og við á.

Atvinnuþátttaka lífeyrisþega

Fólk í fullu starfi við 67 ára aldur er flest í allt annarri stöðu gagnvart vinnumarkaði en örorkulífeyrisþegar. Þessir einstaklingar taka iðulega ákvörðun sjálfir um að halda áfram í einhvern tíma eða hætta og fara á eftirlaun á meðan fólk með skerta starfsgetu (örorkulífeyrisþegar) fær sjaldnast tækifæri eða hefur ekki nægilega starfsgetu til þátttöku á vinnumarkaði. Almennt hafa ellilífeyrisþegar auk þess náð að safna upp réttindum í lífeyrissjóði, þ.e. þeir sem hafa unnið til 67 ára aldurs, á meðan örorkulífeyrisþegar (fólk með skerta starfsgetu) ná því ekki, sökum þess að hafa verið utan vinnumarkaðar í lengri tíma eða jafnvel alla tíð og eiga því minni eða jafnvel engan rétt í lífeyrissjóðum.

Frumvarpinu er ætlað að koma í verk þeim hugmyndum sem almenn sátt var um í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar. Allir nefndarmenn voru sammála um að afnema „krónu á móti krónu“ skerðingu sérstakrar framfærsluuppþótar fyrir **alla** lífeyrisþega. Þessar 100% skerðingar gera það meðal annars að verkum að fólk með mjög lágar atvinnutekjur hefur lítinn eða jafnvel engan fjárhagslegan hvata og ávinning af atvinnuþátttöku, sbr. töflu 1. hér að neðan.

Tafla 1. 100% skerðing atvinnutekna

	Með engar aðrar tekjur	Með 40.000 kr. atvinnutekjur á mánuði*
Grunnlífeyrir	39.862	39.862
Aldurstengd örorkuuppbót	5.979**	5.979**
Tekjutrygging	127.652	127.652
Sérstök framfærsluuppbót	39.283	883
Atvinnutekjur fyrir skatt og eftir frádrátt iðgjalds*	0	38.400
Samtals fyrir skatt	212.776	212.776
Ráðstöfunartekjur	185.692	185.692

*af 40.000 kr. atvinnutekjum er einnig greitt 4% iðgjald (1.600 kr.).

**Greiðsla miðast við fyrsta mat við 40 ára aldur.

Það er óumdeilt að hin svokallað sérstaka framfærsluuppbót felur í sér fátæktargildru. Sú gagnrýni sem reifuð er í frumvarpinu að margir lífeyrisþegar hafi engan ávinning að hafa greitt af tekjum sínum í lífeyrissjóð vegna „krónu á móti krónu“ skerðingar, þ.e. þeir fái sömu fjárhæð greidda frá Tryggingastofnun og ef þeir hefðu engar lífeyrissjóðstekjur, á jafnt við um örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, sem fá greitt úr lífeyrissjóði. Örorkulífeyrisþegar hafa oft á tíðum áunnið sér lítil réttindi í lífeyrissjóðakerfinu vegna takmarkaðrar þátttöku á vinnumarkaði fyrir örorkumat og eru því í þeirri stöðu að lágar lífeyrissjóðstekjur þeirra bæta engu við framfærsluna. Því veldur það miklum vonbrigðum að í frumvarpinu sé ekki ætlunin að afnema „krónu á móti krónu skerðingu“ fyrir aðra lífeyrisþega en ellilífeyrisþega og engar úrbætur séu fyrirhugaðar á framfærslu örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega.

II. Athugasemdir við breytingar sem lagðar eru til á lögum um almannatryggingar (ellilífeyrisþegar)

Frumvarpið bætir ekki stöðu lífeyrisþega með engar aðrar tekjur

Athygli vekur að í athugasemdum við frumvarpið segir: „Efni frumvarpsins er í samræmi við þær áherslur [...] og stefnu stjórnvalda að styðja aldraða til sjálfsbjargar og hvetja til atvinnuþátttöku, einfalda almannatryggingakerfi og bæta samspil þess við lífeyrissjóðakerfið ásamt því að auka stuðning við þann hóp aldraða sem hefur mjög lágar eða engar tekjur sér til framfærslu en bætur almannatrygginga.“

Í fyrsta lagi snýr yfirlýst stefna stjórnvalda einvörðungu að því auka stuðning við tekjulága aldraða, á meðan ekki er hugað að örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegum í sömu stöðu. Er hérna sérstaklega átt við fólk sem vegna 100% skerðinga njóta í engu góðs af öðrum tekjum, s.s. lífeyrissjóðs- eða atvinnutekjum.

Í öðru lagi er það beinlínis rangt að frumvarpið bæti stöðu aldraða sem hafa engar aðrar tekjur sér til framfærslu en lífeyrir almannatrygginga. Þessir einstaklingar sætu eftir með sömu greiðslur frá almannatryggingum ef frumvarpið færi óbreytt í gegn.

Þúsund krónur gefa 322 kr. í vasann (45% skerðingarhlutfall)

Samkvæmt frumvarpinu er lögð til 45% skerðing vegna atvinnutekna og annarra tekna. Það myndi þýða að 322 kr. myndu standa eftir af hverjum 1.000 kr. sem einstaklingur (lífeyrisþegi) myndi vinna sér inn, þ.e. eftir frádrátt tekjuskatts og

skerðinga. Rétt er að geta að skerðingin getur orðið enn meiri þegar tekið er tillit til áhrifa á bætur s.s. vaxta-, húsaleigu- og barnabætur, sem allar eru tekjutengdar.

Skerðingarhlutfallið (45%) vegna tekna er allt of hátt og hefur mikið verið gagnrýnt, m.a. af öllum hagsmunasamtökum lífeyrisþega og stjórnarandstöðuflokkunum.

Afnám frítekjumarka

Í frumvarpinu segir „...að með sameiningu bótaflokka úr þremur í einn og afnámi frítekjumarka sé gengið eins og langt og unnt er í því skyni að einfalda reglurnar án þess að það bitni á sanngirni í almannatryggingum.“ Eitt af einkennum almannatrygginga á Íslandi eru miklar tekjuskerðingar við allar aðrar tekjur, en þær byrja of snemma og við of lágur tekjur og því er fólk fast á mjög lágum tekjum til langs tíma. Fólk í þessari stöðu upplifir mikla ósanngirni almannatryggingakerfisins gagnvart þeirri viðleitni sinni að afla viðbótartekna og að kerfið sé fjandsamlegt gagnvart atvinnuþátttöku þeirra og/eða sparnaði. Frítekjumörkin skipta því miklu máli fyrir einstaklinga með aðrar tekjur og þá sérstaklega þegar kemur að atvinnutekjum.

Í skýrslu til félags- og tryggingamálaráðherra frá október 2009 undir yfirskriftinni *Nýskipan almannatrygginga: Tillögur um breytingar á lífeyriskerfinu*, er lagt til að draga úr skerðingum með aukinni notkun frítekjumarka samhliða því að einfalda kerfið. Markmið breytinganna sem lagðar eru til í skýrslunni var að auka sanngirni í almannatryggingakerfinu, hvetja til sparnaðar og aukinnar atvinnuþátttöku lífeyrisþega, einkum örorkulífeyrisþega. Af tillögum þessum og tillögum sem ÖBÍ hefur lagt fram í skýrslunni *Virkt samfélag* <http://www.obi.is/static/files/skiol/pdf-skvyslur/skvrsla-virkt-samfelag-2016.pdf> hefur verið sýnt fram á að einföldun almannatryggingakerfisins, aukin notkun og hækkun frítekjumarka fer saman og leiðir til meiri sanngirni auk þess að hvetja til aukinnar atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu.

Ef frítekjumörkin verða afnumin samhliða því að afnema „krónu á móti krónu skerðingu“ og tekjuskerðingahlutfallið auk þess hækkað í 45% fyrir allar tekjur og við fyrstu krónu allra annarra tekna, þá er enn verið að viðhalda mjög miklum tekjuskerðingum.

Samspil almannatrygginga og lífeyrissjóða

Í frumvarpinu segir að breytingar þær sem lagðar eru til á lögnum um almannatryggingar séu m.a. til að „...bæta samspil réttinda hjá báðum lögbundnu lífeyrisréttindakerfunum ...“. Þetta á einungis við um ellilífeyrisþega, engar tillögur eru í frumvarpinu um að bæta ofangreint samspil fyrir örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega, þrátt fyrir samstöðu um tillögu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar um að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna.

Engin réttarbót fyrir lífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis

Í frumvarpinu er ekki að finna neina réttarbót fyrir lífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis. Rúmlega 80% örorkulífeyrisþega í þessari stöðu fá engar greiðslur frá fyrra búsetulandi, þrátt fyrir milliríkjasamninga. Undirrituð hefur ekki tölur um fjölda ellilífeyrisþega í þessari stöðu.

Ef sérstök framfærsluppbót er felld inn í sameinaðan bótaflokk, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, án þess að koma með sérlausn fyrir þennan hóp, munu greiðslur til þessara einstaklinga lækka (sjá nánari undir athugasemdir við 6. gr. frumvarpsins). Hér er um að ræða lífeyrisþega með lægstu heildartekjurnar, sem eru undir skilgreindum framfærsluviðmiðum. Í bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga og velferðarráðs Reykjavíkurborgar er kallað eftir því að unnið verði að úrlausn einstaklinga sem ekki hafa full réttindi í almannatryggingakerfinu (þ.e. lífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur) því að þessum einstaklingum er ýtt yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, þar sem þeir festast til langframa.

III. Tilraunaverkefni um nýtt fyrirkomulag greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstöku tilraunaverkefni við eitt eða fleiri hjúkrunarheimili um breytt greiðslufyrirkomulag íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum. Ekki er því ljóst hvað tilraunaverkefnið muni ná til stórs hóp og útfærsla þess liggur ekki fyrir. Starfshópi, sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði síðast liðið vor, er ætlað að koma þessu tilraunaverkefni á og útfæra það. Útfærslan þarf að liggja fyrir áður en lagt er að stað með tilraunaverkefni þar sem framfærsla þessa fólks liggur undir.

Frumvarpið vekur upp fjölda spurninga um tilraunaverkefnið, s.s.:

- Munu íbúar á þeim heimilum sem tilraunaverkefnið mun ná yfir hafa val um pátttöku í verkefninu?
- Munu lífeyrisþegar með eingöngu lífeyri almannatrygginga og eða lágar viðbótartekjur sér til framfærslu geta staðið undir útgjöldum fyrir mat, þrif, þvott, tómstundastarf og húsaleigu? Munu einhverjir þeirra hafa enn minna til ráðstöfunar en í núverandi kerfi?
- Mun nýtt greiðslupátttökukerfi leiða til mikils aðstöðumunar íbúa dvalar- og hjúkrunarheimila eftir efnahag, en í frumvarpinu segir að fjárhæð húsaleigu taki mið af stærð og gæðum húsnæðis? Tekið er undir athugasemd í umsögn FEB um drög að frumvarpi velferðarráðuneytisins, sem er undanfari þessa frumvarps, um að „gjalda varhug við því að gera greinarmun á hinum efnameiri sem geta greitt hærri húsaleigu og geta þannig öðlast betra og stærra húsnæði á hjúkrunarheimilunum.“

ÖBÍ var ekki boðið að tilnefna fulltrúa í ofangreindan starfshóp félags- og húsnæðismálaráðherra, en fyrirkomulag greiðslupátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum varðar einnig örorkulífeyrisþega á hjúkrunarheimilum. Um ráðstöfunarfé (áður vasapeningar) gilda sömu lagaákvæði fyrir elli- og örorkulífeyrisþega. Samkvæmt staðtölum TR árið 2014 fengu tæplega 100 örorkulífeyrisþega á hjúkrunarheimilum greidda vasapeninga (ráðstöfunarfé). Því miður er staðan þannig í dag að ekki geta allir örorkulífeyrisþegar, fatlað fólk eða langveikt fengið viðunandi aðstoð og/eða hjúkrun heim og dveljast því á hjúkrunarheimilum þrátt fyrir að hafa ekki náð ellilífeyrisaldri.

Fulltrúar ÖBÍ og LEB í starfshópi um endurskoðun laga um almannatryggingar lögðu fram áskorun til velferðarráðherra um að skipa sérstakan starfshóp sem undirbúi breytingar á lögum sem fela í sér að þeir sem dveljast langdvölum á

hjúkrunarheimilum, dvalarheimilum eða sólarhringsstofnunum sökum öldrunar, sjúkdóma eða fötlunar haldi lífeyrisgreiðslum og tryggingabótum sínum og svokallaðir vasapeningar verði afnumdir. Áskorunin var samþykkt á fundi starfshópsins í september 2011. ÖBÍ tilnefndi fulltrúa í starfshópinn, en hann hóf aldrei störf.

IV. Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsdraganna

Um 2. gr. Ellilífeyrir

Í frumvarpið er sett inn heimild til að flýta töku ellilífeyris, þ.e. að hefja tökuna frá 65 ára aldri gegn varanlegri lækkun lífeyrisins, en sú heimild er bundin því skilyrði að að ellilífeyrir verði að lágmarki jafnhár fullum ellilífeyri. Ef sá hópur sem kys að hefja töku lífeyris fyrr getur „...flýtt lífeyristöku sinni án skilyrða gæti það aftur aukið líkur á að hann hafi ekki nægjanlegar tekjur sér til framfærslu á efri árum og þurfi því í ríkari mæli að óska fjárhagsaðstoðar búsetusveitarfélagsins.“

Ellilífeyrisþegar með litlar eða engar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga hafa ekki nægilegar tekjur sér til framfærslu, en eiga þó ekki rétt á fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélagi. Lífeyrisþegar með búsetuskertar greiðslur frá almannatryggingum og engar eða lágar tekjur annars staðar frá, s.s. frá fyrra búsetulandi, eru með lægstu heildartekjumnar. Í frumvarpsdrögum er ekki að finna neina réttarbót fyrir þennan hóp, sjá nánar undir umfjöllun um 6. gr.

Mun ellilífeyrisþegum í þessari stöðu verða meinað um að hefja töku ellilífeyris fyrr vegna lágra tekna sinna, þar sem þeir uppfylla ekki skilyrði um að ellilífeyri þeirra þurfi að vera jafnhár fullum ellilífeyri?

Það sama myndi eiga við um einstaklinga sem hefðu engar eða lágar aðrar tekjur en frá almannatryggingum.

Enga útreikninga er að finna með frumvarpinu fyrir ellilífeyrisþega með fleiri en eina tegund tekna (t.d. bæði með lífeyrissjóðs- og fjármagnstekjur), en sá hópur getur í dag nýtt sér fleiri en eitt frítekjumark. Í september 2016 eru tæplega 2300 örorkulífeyrisþegar (tæplega 13%) með skerta tekjutryggingu vegna blandaðra tekna (voru til dæmis með launa- og fjármagnstekjur eða lífeyrissjóðs- og fjármagnstekjur). Leiða má að því líkur að hlutfall ellilífeyrisþega með blandaðar tekjur, þá sérstaklega lífeyrissjóðs- og fjármagnstekjur sé hærra en hjá örorkulífeyrisþegum. Í fylgiskjali 1 með frumvarpinu kemur fram að lífeyrisþegar séu yfirleitt með einhvers konar blöndu af tekjutegundum.

Um 3. gr. Hækkun ellilífeyris í áföngum

„Munu þeir sem uppfylla skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris því áfram geta fengið örorkulífeyri til þess tíma er þeir ná ellilífeyrisaldri.“ Er rétt skilið að örorkulífeyrir yrði greiddur mislengi, þ.e. sá sem er t.d. fæddur 1967 færi yfir á ellilífeyri 69 ára og 5 mánaða í staðinn fyrir 67 ára? Gæti örorkulífeyrisþegi frestað töku ellilífeyris og myndi sami sveigjanleiki hvað varðar töku ellilífeyris gilda fyrir örorkulífeyrisþega og aðra?

Um 4. gr. Barnalífeyrir

Orðalagið í a) lið ákvæðisins virkar skýrar en í núgildandi ákvæði. Breyting virðist vera til bóta.

Um 6. gr. Ávinnsla réttinda og hlutfallslegar greiðslur vegna búsetu erlendis

Sú breyting sem hér er lögð til að ávinningur búsetu hefjist við 18 ára aldur (í stað 16 ára) virðist vera rökrétt. Breytingin getur þó ekki skert rétt þeirra sem þegar hafa fengið rétt á grundvelli búsetu á aldrinum 16-18 ára. Útreikningur sjá viðhengi 1.

Í frumvarpinu kemur fram að breyta eigi sérstakri framfærsluuppbót úr félagslegum stuðningi (skv. lögum um félagslega aðstoð) í áunnin réttindi, en greiðslur skv. lögum um almannatrygginga teljast vera áunnin réttindi. Sú breyting kæmi vel fyrir ellilífeyrisþega sem eru búsettir erlendis, þar sem framfærsluuppbótin, eins og aðrar greiðslur skv. lögum um félagslega aðstoð, er ekki greidd úr landi. Örorkulífeyrisþegar búsettir erlendis yrðu hins vegar áfram í sömu stöðu, þar sem breytingin nær ekki til þeirra

Sameining framfærsluuppbótar, grunnlífeyris og tekjutryggingar undir lögum um almannatryggingar myndi verða til þess að greiðslur til lífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis myndu lækka, eins og sjá má á dæmi í töflu 2.

Tafla 2. Dæmi: Ellilífeyrisþegi með 50% búsetuhlutfall, fær engar aðrar tekjur en lífeyrir almannatrygginga.

Greiðslur í núgildandi kerfi * (2016)		Greiðslur skv. frumvarpinu	
Grunnlífeyrir	19.931	Lífeyrir	106.388
Tekjutrygging	62.897		
Heimilisuppbót	18.539	Heimilisuppbót	17.063
Framfærsluuppbót	72.770		
Samtals fyrir skatt	174.134	Samtals fyrir skatt	123.451
Útborgað	161.398	Útborgað	123.451

*Skv. reiknivél á heimasíðu TR. Framfærsluviðmið fyrir einstakling sem greidda heimilisuppbót er 246.902 kr.

Hér er um er að ræða lífeyrisþega með lægstu heildartekjurnar, sem munu fá enn lægri greiðslur en í núverandi kerfi ef framfærsluuppbótin verður sameinuð grunnlífeyri og tekjutryggingu, án þess að gera viðeigandi ráðstafanir. Í viðhengi 2 við umsögnina er að finna minnisblað með nánari útskýringum.

Í svari þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, dags. 15.4.2010 við fyrirspurn um lágmarksframfærslu¹ segir að með lögfestingu ákvæðis um sérstaka uppbót til framfærslu væri öllum lífeyrisþegum tryggð samkvæmt lögum ákveðin lágmarksupphæð til framfærslu (framfærsluviðmið TR). Raunin er önnur því lífeyrisþegum með skertar greiðslur vegna fyrri búsetu erlendis er ekki tryggð lágmarksframfærsla, sbr. svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn um greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.²

Undirrituð lagði til mjög einfalda leið til lausnar í opnu bréfi til félags- og húsnæðismálaráðherra til að tryggja að enginn lífeyrisþegi verði með heildartekjur undir skilgreindu framfærsluviðmiði.³ Lausnin felur í sér að lögnum verði aftur beitt í

¹ <http://www.althingi.is/altext/138/s/0998.html>

² Þingskjal 444. – 235. mál. 145. löggjafarþing.

³ Opið bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra. Birtist í Fréttablaðinu 19.10.2015. <http://www.visir.is/opid-bref-til-felags--og-husnaedismalaradherra/article/2015151018927>

samræmi við tilgang þeirra og að reglugerðarákvæði (3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1052/2009) verði fellt úr gildi. Ekki barst svar við bréfinu né tillögnum. Við samanburð á fjárlögum ársins 2014 þar sem áætlaðar voru 2.687,6 milljónir króna fyrir liðinn „sérstök uppbót lífeyrisþega“ og svo útgjöldum Tryggingastofnunnar ríkisins (TR) vegna liðsins, má sjá að TR nýtti einungis 2.196 milljónir króna. Því var fjárlagaliðurinn ekki að fullu nýttur þrátt fyrir augljósa þörf þeirra sem málið varðar. Eftir stóð 491,6 milljón sem hefði klárlega mátt nýta í þeirra þágu.

Undir lið IV. *Mat á áhrifum* í frumvarpsdrögum segir að frumvarpið hafi jákvæð áhrif fyrir sveitarfélögin þar sem það er talið bæta hag ellilífeyrisþega, sérstaklega þeirra sem hafa áunnið sér lítinn eða engan rétt í lífeyrissjóðakerfinu. „Eru því minni líkur að eldri borgarar óski eftir fjárhagsaðstoð félagsþjónustu sveitarfélaga verði frumvarpið að lögum.“ Eins og sjá má á töflu 2 munu greiðslur til ellilífeyrisþega með hlutfallslegar greiðslur lækka sem gæti leitt til fjölgunar umsækjanda í þessari stöðu um fjárhagsaðstoð. Vandaséð er hvaða hóp ellilífeyrisþega er átt við í ofangreindri tilvitnun.

Um 7. gr. Ráðstöfunarfé

Jákvætt og nauðsynlegt er að hækka viðmið það sem ráðstöfunarfé fellur niður, eins og lagt er til í frumvarpsdrögum. Þess ber þó að geta að áfram er miðað við of lágar tekjur (98.265 kr.) og hið háa skerðingarhlutfallið (65%) yrði áfram óbreytt.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að ráðherra skuli setja reglugerð um „einstök atriði er varða framkvæmd greinarinnar, m.a. um réttindaávinnslu og búsetutíma og sveigjanlega töku ellilífeyris“. Með þessu er vald til þess að kveða á um grundvöll greiðslna einstaklinga úr almannatryggingum framselt til ráðherra. Auðveldara verður að skerða réttindi einstaklinga sem þurfa að reiða sig á almannatryggingar til framfærslu og einstaklingarnir verða þar með viðkvæmari fyrir mögulegum skerðingum. Stöðugleiki í tekjustreymi er afar mikilvægur fyrir alla, ekki síst lífeyrisþega, sem lifa oft við lágar tekjur. Réttast væri að þessu verði fyrirkomið í lögum.

Um 11. gr. Ráðstöfunarfé til fanga

ÖBÍ tekur undir umsögn Afstöðu, félags fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun. Í umsögn félagsins kemur fram að verði 11. gr. samþykkt, eins og hún kemur í frumvarpinu, muni það valda verulegum skerðingum hjá fongum sem eru lífeyrisþegar. Eru það einstaklingar sem eru nú þegar í slæmri stöðu og munu hafa það verra ef af þessari breytingu verður.

Tilgangur laganna eins og þau hafa verið, er að koma til móts við fanga sem eru lífeyrisþegar og hafa ekki getu til starfa og eiga því erfiðara með að afla sér tekna. Fyrri tilraunir til þess að skerða rétt fanga með skerta starfsgetu hafa verið hraktar í gegnum árin vegna þess að þær hafa talist óréttlátar. Engin rök hafa verið færð fyrir því að breyta þurfi lögnum með þessum hætti nú.

Umrædd grein verður því að fella út úr frumvarpinu í meðförum þingsins.

Um 12. gr. Bráðabirgðaákvæði

Í bráðabirgðaákvæðinu kemur fram að uppreikna skuli nógildandi greiðsluflokka skv. raungildi hvers árs (þ.e. hækkaðar samkvæmt vísitölu neysluverðs) til að gera samanburð við breytt kerfi skv. frumvarpinu. Vísitala neysluverðs gefur ekki rétta mynd af þróun launa. Launavísitalan væri betra viðmið.

Um 14. gr. Heimilisuppbót

Nefnd um endurskoðun laga um almannatrygginga lagði til í skýrslu sinni að heimilisuppbót verði áfram sérstakur bótaflokkur en að skoða þurfi betur þær skilgreiningar er liggja að baki henni við mat á því hvort um fjárhagslegt hagræði sé að ræða af sambýli við aðra eða ekki. Á þetta sérstaklega við um ungmenni sem orðin eru 18 ára en búa áfram hjá foreldrum og stunda nám. Því eru vonbrigði að horft hafi verið fram hjá þessari óumdeildu tillögu nefndarinnar í frumvarpinu. .

Í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 6250/2010 benti umboðsmaður á í bréfi til velferðarráðherra að aðstöðumunur væri á milli annars vegar einstaklings sem býr heima og á maka sem er vistaður til frambúðar á stofnun, og hins vegar einstaklings sem á maka sem þarf að dvelja um lengri tíma og jafnvel varanlega í öðru sveitarfélagi vegna veikinda þar sem hann sækir endurhæfingu og þjálfun. Á sama tíma benti hann á að taka mætti hugtakið „einhleypingur“ til endurskoðunar til afmörkunar á því hvort hann búi við hagræði. Umboðsmaður benti á að tekin skyldi afstaða við endurskoðun almannatrygginga til þess hvort huga ætti að breytingu á ákvæði reglugerðar um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri. Á þessu hefur ekki verið tekið í frumvarpinu.

Um 15. gr. Uppbætur á lífeyri

Mikilvægt er að vekja athygli á því að sökum þess að tekju- og eignamörk fyrir uppbætur á lífeyri voru ekki hækkuð í byrjun árs 2016 er fjöldi lífeyrisþega, sem hefur mikinn kostnað vegna sjúkdóma og/eða fötlunar, misst þennan stuðning.

Undirrituð áskilur sér rétt af hálfu ÖBÍ að skila inn ítarlegri umsögn um einstakar greinar frumvarpsins síðar.

Ekkert um okkur án okkar.

Með vinsemd og virðingu,



Ellen Calmon
Formaður ÖBÍ

Fylgiskjal 1. sep.16

Dæmi um breytingar á búsetuhlutfalli ef reiknað er út frá 18-70 ára í stað 16-67 ára.

Útreikningur út frá 16-67 ára

16 ára	1994	Örorkumat 35 ára	árið 2013	Erlendis 10 ár eftir 16 ára aldur og fyrir örorkumat	(2002-2012)
Formúla	$32*(9/19)+9$	0,473684	15,15789	24,15789 0,603947	60,40%

Framreiknir
Samtals bú:
Búseta á Ísl

Útreikningur út frá 18-70 ára.

18 ára	1996	Örorkumat 35 ára	árið 2013	Erlendis 10 ár eftir 18 ára aldur og fyrir örorkumat	(2002-2012)
Formúla	$35*(7/17)+7$	0,411765	14,41176	21,41176 0,535294	53,50%

Framreiknir
Búseta inná
Búseta á Ísl

Þingur 35-67 ára	32 ár	1994-2002	8
Þingseta frá 16 ára til fyrsta mats	19 ár	2002-2012	10
Þingandi frá 16 ára til fyrsta mats	9 ár	2013	1
Þingur 35 til 70 ára	35 ár	1996-2002	6
Þingin EES frá 18 ára til fyrsta mats	17 ár	2002-2012	10
Þingandi frá 18 ára til fyrsta mats	7 ár	2012-2013	1

Fylgiskjal 2.

Minnisblað í kjölfar fundar með velferðarnefnd alþingis, dags. 15.9.2016 um frumvarp til laga um almannatryggingar 847 mál.

Áhrif búsetuhlutfalls á greiðslur TR til ellilífeyrisþega með styttri búsetutíma en 40 almanaksár á Íslandi.

1) Núverandi framkvæmd

Lífeyrisþegar fá greiðslur skv. lögum um almannatryggingar í samræmi við búsetuhlutfall.

Ellilífeyrisþegi með 40% búsetuhlutfall, sem hefur engar aðrar tekjur, fengi eftirfarandi greiðslur:

Grunnlífeyrir	40% af 39.962 kr.	15.947
Tekjutrygging	40% af 125.793 kr.	50.317
Samtals		66.264 kr.

Áhrif búsetu er reiknuð út á sama hátt fyrir heimilisuppbótina og aldurstengdu örorkuuppbótina.

Framfærsluviðmiðið (án heimilisuppbótar) er 212.776 kr. Sérstök framfærsluuppbót (skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007) er greidd til lífeyrisþega með heildartekjur undir ofangreindum framfærsluviðmiðum til þess að heildartekjur þeirra nái þessum viðmiðum. Þetta kemur skýrt fram í svari þáverandi félags- og tryggingamálaráðherra, dags. 15.4.2010 við fyrirspurn um lágmarksframfærslu að með lögfestingu ákvæðis um sérstaka uppbót til framfærslu væri **öllum** lífeyrisþegum tryggð samkvæmt lögum ákveðin lágmarksfjárhæð til framfærslu á mánuði.¹ Framkvæmd ákvæðisins hefur þó verið með þeim hætti að sérstök uppbót til framfærslu lífeyrisþega hefur verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis með sama hætti og aðrir bótaflokkar, þvert gegn tilgangi þess. Búsetuskerðing sérstakrar framfærsluuppbótar byggir einungis á reglugerðarákvæði, þ.e. ákvæði 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1052/2009.

TR reiknar búsetuskerðingu sérstakrar framfærsluuppbótar á eftirfarandi hátt:

Grunnlífeyrir og tekjutrygging samtals	66.264 kr.
Framfærsluviðmiðið	212.776 kr.
Mismunurinn (212.776 – 66.246)	146.512 kr.
40% af mismuninum	58.606 kr.

Viðkomandi fengi því greitt samtals **124.868 kr.** (66.246 + 58.605) á mánuði. Hægt er að sannreyna þetta með reiknivél á heimasíðu TR.

¹ <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0998.html>. Þskj. 998, 347. mál.

2) Útreikningur í samræmi við frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar (857 mál).

Sameinaður bótaflokkur	212.776 kr.
(grunnlífeyrir, tekjutrygging og framfærsluuppbót)	
Búsetuhlutfall 40% (40% af 212.776*40%)	85.110 kr.

Lífeyrisþegi með 40% heildartekjur og engar aðrar tekjur fengi því greiddar 85.110 kr. á mánuði. Ef hann væri einnig með heimilisuppbót myndi bætast við 13.650 kr.

ÖBÍ hefur lagt fram mjög einfalda tillögu að lausn í kafla 7.4 í skýrslunni Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess, og í opnu bréfi til félags- og húsnæðismálaráðherra, sem birtist í Fréttablaðinu 15.10. 2014.

3) Tillaga að lausn.

Tillagan felur í sér að lögunum verði aftur beitt í samræmi við tilgang þeirra og að umrætt reglugerðarákvæði (3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1052/2009) verði fellt úr gildi. Umrædd lausn leysir vanda einstaklinga sem búa við afar bág kjör vegna lágra tekna. Lausnin myndi ná til vanda allra lífeyrisþega í þessari stöðu, hvort heldur þeir eigi rétt á og fái greidda endurhæfingar-, örorku- eða ellilífeyri.